

AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA

Fótaaðgerðafræði

**Menntamálaráðuneytið
2007**

AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA – FÓTAAÐGERÐAFRÆÐI

Menntamálaráðuneytið: námskrár

Nóvember 2007

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: menntamalaraduneyti.is

@ 2007 Menntamálaráðuneytið

ISBN 978-9979-777-56-4

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Inngangur.....	5
Nám og kennsla	5
Inntökuskilyrði	5
Skipulag náms	5
Stígandi náms.....	6
Vinnustaðanám	6
Námsmat	7
Lokamarkmið.....	8
Staða nema að loknu námi.....	8
Námsbraut í fóttaaðgerðafræði (FF) 130 ein.	9
Áfangalýsingar.....	10
FÉL123 Félagsfræði	10
FOF103 Fætur og fótamein	11
FÓT103 Fóttaaðgerðafræði.....	12
FÓT203 Fóttaaðgerðafræði.....	13
FÓT303 Fóttaaðgerðafræði.....	14
HBF103 Heilbrigðisfræði.....	15
HMF103 Hlíðarmeðferð.....	16
HMF203 Hlíðarmeðferð.....	17
HMF303 Hlíðarmeðferð.....	19
ÍHK102 Íslenska heilbrigðiskerfið.....	20
LAF103 Lífafræði.....	21
LÍB101 Líkamsbeiting og vinnutækni	22
LOL103 Líffæra- og lífeðlisfræði	22
LOL203 Líffæra- og lífeðlisfræði	24
LOL213 Líffæra- og lífeðlisfræði fóta	26
LYF133 Lyfjafræði fóttaaðgerðafræðinga.....	27
MFÓ103 Meðferðafræði fóta	28
MFÓ203 Meðferðafræði fóta	29
MFÓ303 Meðferðafræði fóta	30
NÁT103 Líffræði	30
NÁT123 Eðlis- og efnafræði	32
NÆR103 Næringarfræði	34
SAM103 Samskipti.....	35
SÁL123 Sálfræði	36
SIÐ102 Siðfræði	37
SJÚ103 Sjúkdómafræði	38
SJÚ203 Sjúkdómafræði	39
SJÚ213 Sjúkdómafræði fóta.....	40
SKY101 Skyndihjálp	41
SPT101 Spangartækni	42
SÝK103 Sýklafræði.....	43
UFH102 Upplýsingaleit og fagmál heilbrigðisstétta	43
UTN103 Notkun upplýsinga og tölva í námi.....	44
ÖLD103 Öldrunarferli	46
FF9103 Vinnustaðanám – grunnþjálfun.....	46
FF9203 Vinnustaðanám – framhaldsþjálfun	47
FF9213 Vinnustaðanám – vettvangsnám.....	48
FF9223 Vinnustaðanám – lokaverkefni/sérhæfing	49

FORMÁLI

Aðalnámskrá framhaldsskóla, fótaaðgerðafræði, kemur nú út í fyrsta sinn og hefur menntamálaráðherra staðfest gildistöku hennar með birtingu auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í námskránni er fjallað um starfsgreinina fótaaðgerðafræði. Birt er námsbrautarlýsing og áfangalýsingar og skipulagi og innihaldi námsins lýst, starfi fótaaðgerðafræðinga sem og kröfum um hæfni og þekkingu sem til þeirra eru gerðar.

Gerð er grein fyrir lokamarkmiðum námsins og markmiðum einstakra áfanga en þau skilgreina það sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu námi. Fjallað er um námsmat og skiptingu námsins í bóklegt nám og verknám í skóla. Færnikröfur eru útfærðar nánar í áfangalýsingum.

Fótaaðgerðafræði er löggilt starfsgrein. Þeir sem ljúka námsbrautinni skv. námskránni, eða öðru jafngildu námi, geta sótt um starfsheitið fótaaðgerðafræðingur á grundvelli reglugerðar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út.

INNANGUR

Framhaldsskólar sem bjóða upp á nám í fóttaðgerðafræði útfæra námsmarkmið nánar í skólanámskrá.

Fóttaðgerðafræðingar teljast til heilbrigðisstétta. Starfsheiti þeirra er lögverndað skv. reglugerð um menntun, réttindi og skyldur fóttaðgerðafræðinga.

Starfið krefst þess að viðkomandi hafi

- o þekkingu og færni í fóttaðgerðafræðum
- o faglegan metnað og sýni færni við störf sín
- o umtalsverða þekkingu í heilbrigðisgreinum
- o góða innsýn og þekkingu á siðfræði heilbrigðisstétta
- o hæfni í mannlegum samskiptum
- o þekkingu á skipulagi heilbrigðisstofnana

NÁM OG KENNSLA

Markmið náms og kennslu á starfsmenntabrautum framhaldsskóla er að gera nemandann hæfan í starfsgrein sinni og þjálfra verklega færni sem nýtist honum til starfa á atvinnumarkaði. Nám í fóttaðgerðafræði miðar að því að þjálfra færni og hæfni nemanda til þess að standast kröfur heilbrigðis- og félagsþjónustunnar hverju sinni um fagleg vinnubrögð, nákvæmni og áreiðanleika.

Námið á að búa nemandann undir störf við meðferð fótameina skjólstæðinga innan og utan stofnana. Sérstök áhersla er lögð á að þjálfra færni í að takast á við raunveruleg viðfangsefni þar sem fyrirmæli, verklýsing og vinnuáðferðir liggja fyrir. Jafnframt skal þjálfra nemandann í að takast á við ófyrirséð verkefni og aðstæður sem krefjast þekkingar, hugkvæmni, hæfni í samskiptum og rökvísi.

Við skipulag kennslu er mikilvægt að taka mið af þörfum starfsgreina og mælt er með samvinnu skóla og stofnana eins og kostur er. Lögð er mikil áhersla á að nemandi kynnist notagildi upplýsinga- og samskiptatækni og læri að beita henni.

Inntökuskilyrði

Skilyrði til innritunar í nám í fóttaðgerðafræði er að nemendur hafi lokið skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla og einnig lokið samræmdum lokaprófum í íslensku og stærðfræði og náð tilskildum lágmarksárangri skv. ákvæðum reglugerðar um innritun nemenda í framhaldsskóla. Enn fremur er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri þegar þeir hefja nám við sérgreinar fóttaðgerðafræðinnar.

Skipulag náms

Fóttaðgerðafræði er samtals 130 einingar. Bóknámið skiptist í 25 eininga almennt nám og 93 eininga nám í sérgreinum heilbrigðisgreina og

fótaaðgerðafræði. Áfangalýsingar fyrir almennt bóknám er að finna í greinanámskrám aðalnámskrár framhaldsskóla frá 1999.

Námið dreifist á sjö til átta annir þar sem sérgreinar fótaaðgerðafræðinnar raðast aðallega á síðustu fjórar annirnar. Gert er ráð fyrir að ákveðnir áfangar séu teknir saman. Það eru a) FÓT103 og MFÓ103 sem eru bóklegir og verklegir áfangar um húð og neglur, b) LAF103 og HMF103 fjalla um lífaflsfræði fóta, afleiðingar mikils álags og aðferðir við að dreifa því, c) MFÓ303 og SPT101 sem fjalla sérstaklega um vandamál í nöglum og spangargerð, d) FÓT303 og HMF303 fjalla m.a. um fætur sykursjúkra og fótamein. Miða skal við að nemandi hafi lokið áföngum í almennum heilbrigðisgreinum áður en þeir hefja nám í sérgreinum fótaaðgerðafræðinnar. Á lokaönn er áhersla lögð á vinnustaðanám undir handleiðslu skóla. Í töflunni hér fyrir neðan er tillaga að uppröðun áfanga.

Dæmi um skiptingu námsefnis niður á annir:

Önn 1	Önn 2	Önn 3	
ÍÞR101 ÍSL102 DAN102 ENS102 STÆ102 LKN103 FÉL123 NÁT103 SKY101	ÍÞR111 ÍSL202 DAN202 ENS202 STÆxx2 NÁT123 SJÚ103 LOL103 LÍB101	ÍÞR201 SÁL123 SJÚ203 SÝK103 UTN103 LOL203 HBR103	
19 ein	19 ein	19 ein	
Önn 4	Önn 5	Önn 6	Önn 7
ÍÞR211 SJÚ213 LOL213 LYF133 FÓT103 MFÓ103 NÆR103	ÍÞRxx1 FÓT203 MFÓ203 HMF103 LAF103 SIÐ102 UFH102	ÍÞRxx1 FOF103 HM 203 MFÓ303 SPT101 ÖLD103 SAM103 FF9103	FÓT303 HMF303 ÍHK102 FF9203 FF9213 FF9223
19 ein	17 ein	17 ein	17 ein.

Stígandi náms

Námskráin byggist á þörfum greinarinnar fyrir þjálfað starfsfólk á sviði fótaaðgerðafræði. Áfangar á fyrstu þremur önnunum eru sameiginlegir öðrum heilbrigðisstéttum en síðan taka við séráfangar fótaaðgerðafræðinnar. Síðasta önnin einkennist af sérsniðnum meðferðarúrræðum, sérhæfingu og vinnustaðanámi.

VINNUSTAÐANÁM

Vinnustaðanám er skipulagt sem tólf eininga skólanám með vinnustaðaívafi. Náminu er skipt í fjóra áfanga sem ætlað er að þjálfar nemendur í störfum fótaaðgerðafræðinga og kynna þeim vinnuumhverfi og mögulegan starfsvettvang.

Um umfang vinnustaðanáms gilda sömu reglur og um annað nám á framhaldsskólastigi, þ.e. að hver eining jafngildir einni 40 mínútna

kennslustund á viku á skólaári eða tveimur 40 mínútna kennslustundum á einni önn.

Helmingur námsins (FF9103, FF9203) er þjálfun í skóla og skipuleggur skólinn aðkomu skjólstæðinga. Þessum hluta námsins er ætlað að þjálfar nemendur í greiningu fótameina, val og framkvæmd meðferðarúrræðis, færa sjúkraskýrslu/dagbók eftir því sem við á og meta gæði vinnuferlis. Enn fremur læra nemendur að vera meðvitaðir um öryggi á vinnustað, mikilvægi hreinlætis og smitvarna. Áhersla er lögð á viðtalstækni og getu til að ræða og skýra út forsendur meðferðarúrræða fyrir skjólstæðingum. Leitast er við að búa til umhverfi sem líkist fótaaðgerðastofu í rekstri þar sem skjólstæðingur getur þantað sér þjónustu að vild. Ætlast er til að nemendur öðlist verklega færni og sýni sjálfstæð vinnubrögð við meðhöndlun og ráðleggingar til skjólstæðings.

Fjórðungur vinnustaðanámsins (FF9213) er vettvangsnám. Nemendur heimsækja stofnanir og fá þannig tækifæri til að kynna ýmsum gerðum fótameina og taka þátt í umfjöllun um meðferðarúrræði. Enn fremur fylgjast þeir með störfum fótaaðgerðafræðinga.

Fjórðungur vinnustaðanámsins (FF9223) er sérhæfing þar sem nemendum gefst kostur á að leita sérþekkingar á fótameinum, s.s. fótameinum sem einkenna sykursjúka, gigtveika, bæklaða, börn, aldraða eða íþróttamenn. Í þessum hluta er áhersla lögð á ferlið frá greiningu meins og fræðilegri þekkingu á því, val og útfærslu á meðferðarúrræði, rökstuðningi með vali, vandamál við meðferð, gæðamat, eftirfylgni og forvarnir. Við gerð þessa verkefnis er mikilvægt að nemandi nái að tengja saman verklegt og bóklegt nám og nýti upplýsingatæknina í sína þágu. Áhersla er lögð á að nemendur kynni verkefni sín í lokin.

NÁMSMAT

Námsmati er ætlað að kanna að hve miklu leyti nemandi hefur tileinkað sér námsmarkmið viðkomandi áfanga. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni. Kennarar meta þekkingu og færni nemanda með fjölbreytilegum hætti. Námsmat getur m.a. byggst á prófum, símati, mati á verklegu námi og sjálfsmati nemanda. Umfang matsins skal að jafnaði vera í samræmi við kennslu í viðkomandi áfanga.

Námsmat hefur mikið notagildi í kennslu. Niðurstöður þess geta gefið kennara tilefni til þess að setja ný markmið, breyta niðurröðun námsefnis eða kennsluaðferðum. Námsmat er einnig mikilvægt fyrir nemanda til að fylgjast með framvindu námsins.

Námsmat getur byggst á:

- o verkefnavinnu
- o frammistöðu í kennslustundum og árangri á hlutaprófum
- o skriflegu lokaprófi
- o frammistöðu/færni í verknámi
- o sjálfsmati

LOKAMARKMIÐ

Að námi loknu skal nemandi:

- o kunna og skilja uppbyggingu fóta og hvernig einstakir hlutar þeirra starfa
- o búa yfir færni til að skoða og dæma ástand fóta
- o hafa þekkingu og færni til að greina og meðhöndla fótamein
- o þekkja til helstu efna og lyfja sem notuð eru við fótameinum
- o geta útbúið viðeigandi hjálpartæki, s.s. spangir, hlífar, innlegg, meðferðarskó og gervitær
- o þekkja forvarnir og búa yfir þekkingu til að geta veitt faglega ráðgjöf
- o vera meðvitaður um öryggi á vinnustað, mikilvægi hreinlætis og smitvarna
- o kunna að halda dagbækur og skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis
- o kunna að skipuleggja, framkvæma og meta eigin vinnu í samræmi við viðurkennda gæðastaðla
- o búa yfir viðtalstækni og getu til að ræða og skýra út forsendur og meðferðarúrræði fyrir skjólstæðingum, aðstandendum eða samstarfsfólki
- o hafa þroskað með sér ábyrgðartilfinningu þannig að hann geti unnið í samræmi við siðareglur heilbrigðisstétta
- o hafa þroskað með sér ábyrgðartilfinningu þannig að hann geti gætt þagmælsku varðandi skjólstæðinga og samstarfsfólk
- o hafa yfirsýn yfir heilbrigðiskerfið og geti leiðbeint skjólstæðingum sínum áfram innan þess
- o geta aflað fræðilegra upplýsinga sem varða fóttaaðgerðafræði eftir fjölbreyttum leiðum og búa yfir nægilegri þekkingu til að meta upplýsingagildi og áreiðanleika þeirra
- o skilja mikilvægi þess að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið

Staða nema að loknu námi

Fóttaaðgerðafræðingar tilheyra heilbrigðisstéttum og njóta lögverndaðs starfsheitis.

Starfsvettvangur fóttaaðgerðafræðinga er innan heilbrigðis- og félagsþjónustu á stofnunum eða á einkareknum stofum. Með fóttaaðgerð er átt við meðhöndlun fótameina, s.s. að fjarlægja harða húð, líkþorn og vörtur, klippa og hreinsa neglur, þynna óeðlilega þykkar neglur, meðhöndla niðurgrónar neglur og sérsníða spangir. Enn fremur að útbúa hvers konar hlífar sem eiga að létta álagi af einstökum svæðum á fótum. Hér er átt við stoðhlífar sem létta eiga álagi á líkþorn, sár og vörtur, sérsniðin innlegg og meðferðaskó sem eiga að draga úr og/eða dreifa álagi á afmörkuð svæði neðan á fæti. Veitt skal fræðsla og faglega ráðgjöf.

NÁMSBRAUT Í FÓTTAÐGERÐAFRÆÐI (FF) 130 EIN.

Markmið brautarinnar er að veita nemendum fræðilegan grunn og faglega verkþjálfun til þess að starfa sem löggiltir fóttaðgerðafræðingar innan heilbrigðis- og félagsþjónustu og á einkastofum. Meðalnámstími er sjö annir í skóla að meðtöldu tólf eininga vinnustaðanám. Starfsgreinin er löggilt á grundvelli reglugerðar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Almennar greinar			25 ein.
Íslenska	ÍSL102 202	4 ein.	
Erlend tungumál	DAN ¹ 102 ENS 102 + 4 ein.	8 ein.	
Stærðfræði	STÆ102 + 2 ein.	4 ein.	
Lífsleikni	LKN103	3 ein.	
Íþróttir	ÍPR101 111 201 211 + 2 ein.	6 ein.	
Almennar sérgreinar			93 ein.
Fætur og fótamein	FOF103	3 ein.	
Félagsfræði	FÉL123	3 ein.	
Fóttaðgerðafræði	FÓT103 203 303	9 ein.	
Heilbrigðisfræði	HBF103	3 ein.	
Hlífðarmeðferð	HMF103 203 303	9 ein.	
Íslenska heilbrigðiskerfið	ÍHK102	2 ein.	
Lífaflsfræði	LAF103	3 ein.	
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL103 203 213	9 ein.	
Líkamsbeiting	LÍB101	1 ein.	
Lyf og efni	LYF 133	3 ein.	
Meðferðafræði fóta	MFÓ103 203 303	9 ein.	
Næringarfræði	NÆR 103	3 ein.	
Náttúrufræði	NÁT103 123	6 ein.	
Sálfræði	SÁL123	3 ein.	
Samskipti	SAM103	3 ein.	
Siðfræði	SIÐ102	2 ein.	
Sjúkdómafræði	SJÚ103 203 213	9 ein.	
Skyndihjálp	SKY101	1 ein.	
Spangartækni	SPT101	1 ein.	
Sýklafræði	SÝK103	3 ein.	
Upplýsingaleit og fagmál			
heilbrigðisstétta	UFH102	2 ein.	
Upplýsingatækni	UTN103	3 ein.	
Öldrunarferli	ÖLD103	3 ein.	
Vinnustaðanám	FF9103 203 213 223		12 ein.

¹ Norska eða sænska.

ÁFANGALÝSINGAR

FÉL123 Félagsfræði

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing

Fjallað er um samfélagið, grunneiningar þess, þróun og áhrif á einstaklinginn. Lögð er áhersla á að nemandinn geti sett sjálfan sig, tengsl og samskipti við aðra í víðara samhengi og þannig áttað sig á hvernig samfélagið mótar líf hans og hvað gerir hann að virkum og ábyrgum þjóðfélagsþegn. Fjallað er um helstu hugtök sem notuð eru til að útskýra samfélagið með áherslu á menningu, félagsmótun, fjölskylduna, vinnu-markaðinn, stjórnmal og stjórnsýslu. Gerð er grein fyrir þeim mörgu og flóknu hlutverkum sem einstaklingurinn þarf að sinna á lífsleiðinni og snerta búsetu, frístundir, skóla og vinnustað, samhengi þeirra og mikilvægi. Farið er yfir þróun velferðarsamfélagsins. Komið er inn á aðild Íslands að ýmsum alþjóðasamtökum og samþykktum sem snerta þjónustu við aldraða, sjúka, börn og fatlaða.

Meginmarkmið

Markmið áfangans er að nemendur geri sér grein fyrir innviðum og þróun íslensks velferðarsamfélags, þekki hlutverk og uppbyggingu helstu stofnana þess, átti sig á fjölbreytileika þess.

Áfangamarkmið

Nemandi

- o þekki þróun íslensks velferðarsamfélags
- o viti hvað menning er og hverjir eru grunnþættir hennar
- o þekki hugtakið fjölmenningsamfélag og inntak þess
- o þekki hugtakið félagsmótun og helstu félagsmótunaraðila í samfélaginu
- o hafi innsýn í félagsleg samskipti og hvernig staða einstaklingsins, hlutverk og félagshópur hefur áhrif á þau
- o kannist við þróun fjölskyldunnar á Íslandi og mismunandi fjölskyldugerðir samfélagsins
- o þekki jafnræðis- og jafnréttishugmyndir í samfélaginu
- o þekki stjórnskipulag á Íslandi og mismunandi stjórnsýslustig
- o þekki borgaraleg réttindi og skyldur einstaklingsins
- o þekki þróun helstu stofnana samfélagsins sem tengjast starfinu
- o eigi auðveldara með að setja sig í spor annarra einstaklinga og þjóðfélagshópa m.a. með tilliti til stöðu, hlutverks og fjárhags
- o geti unnið eftir þeim meginhugmyndum sem koma fram í lögum, reglugerðum og öðrum viðmiðum um málefni notenda félags- og heilbrigðisþjónustu
- o geti greint, gagnrýnt og metið þjóðfélagsleg málefni og lagt þannig grunn að skilningi á þörfum mismunandi notenda þjónustunnar og umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika mannlífsins

- o geti aflað upplýsinga um þjóðfélagsleg málefni, tengt þær og miðlað niðurstöðum til samstarfsfólks og þjónustuþega

Efnisatriði

Velferðarsamfélagið, stofnanir, viðmið og gildi, menning, fjölskyldugerðir, staða, hlutverk, búseta, frístundir, skóli, vinnustaður, félagshópur, félagsmótun, börn, aldraðir, fatlaðir, umönnun, stuðningur, mismunur, fordómar, frávík, fjölmenningsamfélag, stjórnkerfi, fulltrúalýðræði, sveitarfélög, ríki, lýðræðislegar ákvarðanir, almannatryggingar, lífeyriskerfi, félagsþjónusta, heilbrigðiskerfi, borgaraleg réttindi og skyldur, mannréttindasáttmálar, alþjóðasamtök og stofnanir.

Námsmat

Skriflegt próf þar sem reynir á þekkingu og skilning nemandans á efninu með áherslu á tengsl einstaklings og samfélags. Símat sem byggist á verkefnavinnu (munnleg og skrifleg verkefni).

FOF103 Fætur og fótamein

Undanfarar: FÓT203, LAF103, LOL213, LYF133, SJÚ213

Meginmarkmið

Nemandi öðlist yfirsýn yfir mismunandi fótasár og geti greint á milli alvarlegra og minniháttar sára. Hann á að kunna skil á grunnreglum sárameðferðar, hreinsun sára og umbúnaði sára.

Áfangalýsing

Fjallað er almennt um sár á fótum og helstu orsakir þeirra. Sérstaklega er fjallað um þrýstingssár, bláæðaexem og bláæðasár og blóðþurrðarsár. Undirliggjandi orsakir og forsendur meðferðar. Sýkingum af völdum sveppa, baktería og veira í húð, nöglum og naglbeði eru gerð skil sem og grunnreglum um meðferð og umhirðu sára.

Kynntar eru helstu sárameðferðir og samvinna við aðrar heilbrigðisstéttir um sértæk meðferðarvandamál og forgreiningu undirliggjandi orsaka sára.

Fjallað er um helstu hreinsiefni, sáraumbúðir, mismunandi eiginleika og notkun þeirra.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- o geta gert skil á helstu tegundum sára og grunnorsökum þeirra
- o geta gert skil á helstu vandamálum og hættum sem fylgja meðferðum á mismunandi tegundum sára
- o geta meðhöndlað einfaldari sár og kunna skil á helstu grunnmeðferðarreglum við lækningu sára
- o hafa yfirsýn yfir helstu umbúðir og hreinsiefni við græðingu sára

Efnisatriði

Fótasár, greining fótasára, sárameðferð, sáravökvar, sáraumbúðir.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni.

FÓT103 Fóttaaðgerðafræði

Undanfarar: HBF103, LÍB101, LOL213, SKY101, SJÚ213, SÝK103.
Áfangana LOL213, LYF133 og SJÚ213 má taka samhliða.

Meginmarkmið

Nemandi þekki og skilji orsakir helstu sjúkdóma sem leggjast á húð og neglur á fótum.

Áfangalýsing

Nemendur læra að þekkja helstu sjúkdóma og áverka á húð og í nöglum, s.s. útlitsbreytingar, los, þykknun, bletti, rendur í nöglum, sveppi, sprungur, sigg, húðsjúkdóma, vörtur og líkþorn. Farið er í helstu greiningaraðferðir og meðferðarúræði. Enn fremur er farið í helstu aðferðir við hreinsun áhalda, s.s. þvott, sótthreinsun og dauðhreinsun.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o þekki helstu húðvandamál á fótum, s.s. sprungur, sigg, þurra húð og fóttraka
- o þekki helstu vandamál sem koma upp í nöglum, s.s. útlitsbreytingar, los, þykknun, bletti, rendur, sveppi og sprungur
- o þekki útlit og geti greint helstu fótamein sem tengjast húð og nöglum og geti flokkað þau, t.d. í sveppi, sigg, húðsjúkdóma, vörtur og líkþorn
- o þekki áverka á nöglum sem verða vegna óeðlilegs álags
- o kunni helstu meðferðarúræði sem varða húð og neglur
- o geti gefið ráðleggingar um helstu forvarnir sem varða húð og neglur
- o hafi tileinkað sér þær hreinlætisaðferðir sem koma í veg fyrir að smit og sýkingar berist á milli sjúklings og fóttaaðgerðafræðings

Efnisatriði

Útlitsbreytingar í húð, s.s. sveppir, sprungur, sigg, húðsjúkdómar, vörtur og líkþorn. Útlitsbreytingar í nöglum, s.s. los, þykknun, blettir og rendur.

Námsmat

Námsmat skal byggjast á áfangamarkmiðum. Símat er mikilvægur þáttur námsmats en jafnframt skal stuðst við verklegt mat og sjálfsmat nemenda.

FÓT203 Fóttaaðgerðafræði

Undanfarar: FÓT103, HMF203. Taka má HMF203 samhliða.

Meginmarkmið

Nemendur geti greint og meðhöndlað helstu fótamein sem hrjá fætur barna, fætur gigtveikra og íþróttafætur, þekki og skilji orsakir þeirra.

Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í meðfædda og áunna aflögun fóta sem valdið getur siggi, líkþornum og sárum.

Farið er sérstaklega í:

- o fætur gigtveikra, s.s. rangstöðu, hreyfihömlun, hjálpartæki, gigtarlyf og fótasár
- o íþróttafætur, s.s. álagseinkenni, íþróttaáverka neðan ökkla og aflögun nagla
- o fætur barna, s.s. þroska fóta, meðfædda og áunna rangstöðu og aflögun í nöglum

Nemendur læra að velja viðeigandi meðferðarúrræði, meðhöndla vandamál og beita fyrirbyggjandi hlífðarmeðferð. Enn fremur er farið í mikilvægi forvarna, fræðslu og ráðgjöf.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o þekki helstu meðfædda og áunna aflögun fóta
- o þekki helstu vandamál sem fylgja gigtsjúkdómum
- o þekki helstu vandamál íþróttafóta
- o þekki þroskaferil barnsfótarins, meðfædda og áunna rangstöðu
- o kunni að velja viðeigandi meðferðarúrræði
- o geti skýrt út forsendur, forvarnir og meðferðarúrræði fyrir skjólstæðingi

Efnisatriði

Fætur gigtveikra, rangstaða, hreyfihömlun, hjálpartæki, gigtarlyf og fótasár. Íþróttafætur, álagseinkenni, íþróttaáverkar neðan ökkla, aflögun nagla. Fætur barna, þroski fóta, meðfædd og áunnin rangstaða, aflögun í nöglum. Meðferðarúrræði. Forvarnir, fræðsla og ráðgjöf.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmatið taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni, auk framfara, vinnulags og hugkvæmni.

FÓT303 Fóttaðgerðafræði

Undanfari: FÓT203

Meginmarkmið

Nemendur geti greint og meðhöndlað helstu fótamein sem hrjá sykursjúka, þekki, skilji og geti greint orsakir þeirra.

Áfangalýsing

Skilgreind eru sjúkdómseinkenni í fótum sem eru til orðin vegna sykursýki, forsendur þeirra og afleiðingar. Fjallað er um minnkað tilfinningaskyn og blóðflæði í fótum, hreyfigetu, tauga- og liðkvilla, æða- og blóðrásarkvilla, fótasár og aflímanir. Nemendur læra að skoða fætur sykursjúkra, skráningu og skýrslugerð. Þeir læra að gera ýmsar mælingar, s.s. tónkvíslarmælingu, monofilament-mælingu, blóðflæðis- og æðasláttarmælingu, húðhitamælingu o.fl. Nemendur læra að skoða ástand liða, tauga- og æðakerfis fóta, réttstöðu, óeðlilegar gönguhreyfingar og að þekkja einkenni Charcot-fótarins. Farið er í hvað ber að varast við meðferð sykursjúkra, sýkingahættu, meðferðarúrræði, hlífðarmedferð og sáraumbúnað. Enn fremur er lögð áhersla á eftirlit og teymisvinnu, fótabúnað og forvarnir, félagslegar og efnahagslegar aðstæður sykursjúkra, fræðslu og ráðgjöf.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o geti skilgreint sjúkdómseinkenni í fótum sykursjúkra
- o kunni að gera og skrá mælingar sem tengjast snertiskyni, blóðflæði og liðum sykursjúkra
- o geti ákveðið meðferðarúrræði og verið meðvitaður um hvað ber sérstaklega að varast við meðferð fóta sykursjúkra
- o skilji og geti útskýrt mikilvægi forvarna
- o verði meðvitaður um hvernig aðstaða skjólstæðings getur krafist mismunandi eftirfylgni

Efnisatriði

Sjúkdómseinkenni í fótum sykursjúkra, minnkað tilfinningaskyn og blóðflæði, skert hreyfigeta, tauga- og liðkvillar, æða- og blóðrásarkvillar, fótasár og aflímanir. Fótaskoðun, mælingar og skráning. Tónkvíslarmæling, monofilament-mæling, blóðflæðis- og æðasláttarmæling, húðhitamæling. Skoðun á ástandi liða, tauga- og æðakerfis fóta, réttstöðu, óeðlilegar gönguhreyfingar. Fótafarsplötur, tölvumæling á göngulagi, Charcot-fóturinn. Hlífðarmedferð sáraumbúnaður, eftirlit, teymisvinna, fótabúnaður og forvarnir. Félagslegar og efnahagslegar aðstæður sykursjúkra. Fræðsla og ráðgjöf.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni.

HBF103 Heilbrigðisfræði

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á viðfangsefnum og rannsóknaraðferðum heilbrigðisfræðinnar og kynnist forvörnum. Að nemandi kynni sér umræðu um heilbrigði, lífsvenjur og umhverfi og þekki áhrif og samspil þessara þátta á heilsu manna.

Áfangalýsing

Saga heilbrigðisfræðinnar er kynnt. Lagður er grunnur að þekkingu á viðfangsefnum og rannsóknaraðferðum heilbrigðisfræðinnar. Fjallað er um hugtök eins og heilsu, sjúkdóma, innra og ytra umhverfi. Lögð er áhersla á að nemendur meti eigin heilsu og þekki hvaða leiðir þeir eiga að fara til að auka eigið heilbrigði. Áhersla er lögð á forvarnir og leiðir til að bæta heilbrigðisástand og efla heilbrigðisvitund. Fjallað er um mismunandi heilbrigðisaðstæður og félagslegar aðstæður einstaklinga og rætt um áhrif þeirra á kynhvöt og kynlíf. Skoðað er mismunandi gildismat, viðhorf og viðbrögð við kynlífi. Fjallað er um meðgöngu og fæðingu. Gerð er grein fyrir breytingaskeiði karla og kvenna. Fjallað er um helstu vímuefni í umferð og áhrif þeirra á heilbrigðisástand einstaklinga. Gerð er grein fyrir helstu flokkum örvera, smitleiðir sýkla og varnir gegn sýkingum. Fjallað er um algenga sjúkdóma í nútímasamfélagi, orsakir þeirra og forvarnir. Farið er í mengunarvarnir og aðgerðir til að vernda umhverfið og lífríkið gegn mengun. Fjallað er um algengustu slysin í nútímasamfélagi og varnir gegn þeim. Vinnuvernd kynnt.

Lögð er áhersla á að nemandinn sýni sjálfstæði og frumkvæði í náminu og þá ekki síst að hagnýta sér þekkingu af ýmsum sviðum, t.d. þekkingu í félagsfræði, sálfræði, líffræði og upplýsingatækni við úrlausn verkefna. Kennslan verður þannig jöfnum höndum fræðileg og verkleg, auk þess að byggjast bæði á sjálfsnámi nemandans og því sem kennarinn hefur fram að færa.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o þekki þá hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar umfjöllun um heilbrigði
- o þekki áhrif lífsvenja og umhverfis á heilsu manna
- o þekki og geti útskýrt fyrsta, annars stigs og þriðja stigs forvarnir
- o þekki og geti útskýrt hugtakið geðvernd
- o þekki og geti útskýrt hugtökin sýkingarhæfni (virulens), sjúkdómsvaldandi baktería (patogen), sýklalyf (antibiotika) og þekki uppbyggingu og fjölgun baktería, veira, frumdýra og sveppa
- o þekki ræktunaraðferðir örvera og þekki smitkeðju
- o þekki helstu forvarnir hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameins, álagssjúkdóma, beinþynningar, geðsjúkdóma
- o þekki einkenni algengustu kynsjúkdóma, meðferð þeirra og forvarnir
- o þekki helstu slysaeldrur í umhverfi sínu og leiðir til að fækka slysum

- o þekki þá þætti sem hafa áhrif á kynhvöt barna, unglinga, fullorðinna og aldraðra
- o þekki algengustu rannsóknir sem gerðar eru á verðandi mæðrum
- o þekki mismunandi viðhorf einstaklinga til vímuefna
- o þekki helstu heilsufarsvandamál sem stafa af neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna
- o þekki mikilvægi heilnæms umhverfis og helstu mengunarvarnarleiðir
- o þekki áhrif vinnuumhverfis á heilbrigði, hugtakið vinnuvernd og verksvið Vinnueftirlits ríkisins
- o þekki mikilvægi góðs aðbúnaðar á vinnustað og lög og reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- o þekki tryggingalöggjöfina, réttindi og skyldur borgaranna hvað hana varðar

Efnisatriði

Heilbrigði, heilsa, sjúkdómar, umhverfi, forvarnir, heilsuefling, ytra og innra umhverfi, áhættuþættir, mengun, áhrif lífsvenja á heilbrigði, samspil erfða, umhverfis og lífsvenja, geðrækt, kynhegðun, kynvera, tengsl, smitkeðja, smitleiðir, fíkn, ábyrgð, vinnuvernd, vinnuslys, slysavarnir, slys á heimilum, umferðarslys, slys í frístundum, gildismat, lífsgæði.

Námsmat

Matið getur byggst á verkefnavinnu. Meta má frumkvæði nemandans, sjálfstæði í vinnubrögðum og samstarfshæfni, færni í að afla sér upplýsinga og þekkingar á sjálfstæðan hátt, hæfni í að yfirfæra þekkingu af öðrum sviðum, t.d. félagsfræði, sálfræði og líffræði.

Nemendur vinna dagbók og verkefnabók sem er liður í símati. Skyndipróf úr völdu námsefni.

HMF103 Hlífðarmeðferð

Undanfarar: HBF103, LÍB101, SKY101, LOL213, SJÚ213. Áfanginn LAF103 skal tekinn samhliða.

Meginmarkmið

Nemandi öðlist færni til að meðhöndla líkþorn, sár og vörtur með því að útbúa hlífar sem dreifa álagi og eða rétta skekkjur.

Áfangalýsing

Gert er ráð fyrir að áfanginn sé bæði bóklegur og verklegur. Farið er í afleiðingar mikils álags á afmörkuð svæði. Mikilvægi þess og aðferðir við að dreifa álagi. Farið er í umgengnisreglur og öryggismál á verkstæðum. Nemendur fá kynningu á helstu efnum og aðferðum við gerð stoðhlífa.

Nemendur læra að búa til stoðhlífar sem ýmist eiga að rétta skekkjur í liðum, s.s. hamartær, digiti mallei, dorso-planta eða dreifa álagi á afmörkuð svæði, s.s. kringum líkþorn, sár, sprungur eða vörtur.

Nemendur læra að nota ýmis efni við gerð stoðhlífa, s.s. sílíkon, svamp, filt og fleazyweb.

Nemendur læra einnig að gæðameta ferlið í hlífðarmeðferðinni, þ.e.a.s. ferlið frá greiningu vandamáls og þar til meðferð er lokið. Enn fremur að færa dagbók um verkið.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o skilji mikilvægi þess að dreifa og léttu álagi af einstökum stöðum við meðferð fótameina
- o geti búið til hlífar sem léttu álagi á t.d. líkþorum, siggi, sprungum og vörtum.
- o þekki nýjustu efni og aðferðir sem notaðar eru við gerð stoðhlífa
- o viti hvar og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um ný efni og aðferðir við gerð lítilla hlífa
- o verði meðvitaður um öryggismál og vinnureglur og geti gengið um tæki og efni sem tengjast stoðhlífagerð af öryggi
- o geti skráð sjúkraskýrslu/ dagbók um gerð stoðhlífa

Efnisatriði

Álagspunktur, dreifing álags, sílíkon, svampur, filt, fleazyweb, plástrar, túbugas. Öryggismál og vinnureglur. Upplýsingaöflun, gæðamat og skýrslugerð.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni.

HMF203 Hlífðarmeðferð

Undanfari: HMF103

Meginmarkmið

Nemandi öðlist þekkingu og færni í að byggja upp hælplötur og innlegg sem ætlað er að draga úr og eða dreifa álagi á afmörkuð svæði neðan á fæti.

Áfangalýsing

Áfanginn er bóklegur og verklegur. Áfram er farið í afleiðingar mikils álags á afmörkuð svæði, mikilvægi þess að dreifa því og hvernig það er gert. Farið er í vinnuferli, umgengnisreglur og öryggismál á verkstæðum. Nemendur fá kynningu á helstu efnum og aðferðum við gerð innleggja og hælplatna.

Nemendur læra mismunandi aðferðir við að taka afþrykk af fótum og lesa úr þeim. Þeir læra að gera grunnsóla, merkja inn þau vandamál sem ætlunin er að leiðrétta og byggja upp í framhaldi sérsniðin innlegg.

Nemendur læra að búa til hælplötur og innlegg sem ýmist eiga að rétta skekkjur eða dreifa álagi á afmörkuðum svæðum. Þeir læra að velja efni og lím og sýna varkárni við meðferð þeirra. Dæmi um hælplötur eru hælsporahlífar, skeifulaga hlífar, J-laga hlífar, hælhækkanir og hælplötur við álagsverkjum í hælum. Dæmi um sérsniðna sóla sem nemendur læra að búa

til: sólar með tábergspúðum með eða án vængja og sólar með afturliggjandi ilstuðningi.

Nemendur læra grunnatriði við slípun. Þeir læra um uppbyggingu og meðhöndlun bandslípivélar og umgengni og öryggismál við meðferð hennar. Nemendur læra að slípa mismunandi form, t.d. fleyga, holur, tábergspúða, S-form og þynningu efnis. Einnig er farið í frágang á innleggi.

Nemendur læra að gæðameta ferlið í hælplötu- og innleggjagerðinni, þ.e.a.s. ferlið frá greiningu vandamáls og þar til meðferð er lokið. Enn fremur að færa dagbók um verkið.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o skilji mikilvægi þess að draga úr og dreifa álagi við meðferð álagsvandamála
- o geti ákveðið hvers konar hælplötur eða innlegg henta miðað við eðli fótameins
- o þekki nýjustu efni og aðferðir sem notaðar eru við gerð hælplatna og sóla
- o geti valið efni í innlegg og hælplötu eftir því hvers konar álagsvandamál er meðhöndlað
- o geti beitt mismunandi aðferðum við að slípa innlegg og hælplötur
- o geti byggt upp nothæf innlegg og hælplötur
- o geti metið gæði innleggja og hælplatna, bæði þeirra sem nemandi hefur sjálfur gert og fengin eru annars staðar
- o verði meðvitaður um öryggismál og vinnureglur og geti umgengist tæki og efni sem tengjast innleggja- og hælplötugerð
- o viti hvar og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um ný efni og aðferðir við gerð hælplatna og sóla
- o geti skráð sjúkraskýrslu/ dagbók um innleggja- og hælplötugerð

Efnisatriði

Álagspunktur, dreifing álags. Bandslípivél, umgengni, öryggismál. Fleygar, holur, tábergspúðar, S-form, þynning efnis. Sólar með hælplötum, hælsporahlífum, skeifulaga hlífum, J-laga hlífum, hælhækkunum, hælplötum við álagsverkjum í hælum, tábergspúðum með eða án vængja og afturliggjandi ilstuðningi. Öryggismál og vinnureglur. Upplýsingaöflun, gæðamat og skýrslugerð.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni. Námsmat er bæði verklegt og bóklegt og er gert ráð fyrir að nemandi skili möppu með völdum tegundum innleggja og hælplatna sem hann hefur gert.

HMF303 Hlífðarmeðferð

Undanfari: HMF203, FÓT303. FÓT303 má taka samhliða.

Meginmarkmið

Nemandi öðlist þekkingu og færni í að byggja upp meðferðarskó og umbúðir sem eiga að auðvelda þeim gang sem þarfnast sértækra meðferðarúrræða.

Áfangalýsing

Farið er í mikilvægi þess að dreifa álagi og helstu meðferðarúrræði. Enn fremur er farið í vinnureglur og öryggismál við meðferð véla og efna, s.s. lím- og plastefna.

Farið er í sérsniðna sóla, s.s. sóla fyrir sykursjúka og gigtveika. Nemendur læra sérstaklega hvernig útfæra skal hlífðarlausnir til að létta álagi á viðkvæm svæði, t.d. eftir skurðaðgerð, og viðkvæm svæði á fótum einstaklinga sem eru í áhættuhópi.

Nemendur læra að gera flóknari innlegg, s.s. hitamótuð innlegg, sóla með eða án göngumöguleika, einfaldar tegundir af sandölum, lokaða skó úr plastazote, lokaða skó úr leðri, meðferðaskó með lofttæmimótuðum botni, hælskó, upphitaðar hælskálar, innlegg með höggverjandi púðum og gervitær úr sílíkoni.

Nemendur læra að gæðameta ferlið við sértækar lausnir í hlífðarmeðferð, þ.e.a.s. ferlið frá greiningu vandamáls og þar til meðferð er lokið. Enn fremur að færa sjúkraskýrslu/dagbók um verkið.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o skilji mikilvægi þess að minnka álag við sértæk meðferðarúrræði
- o þekki nýjustu efni og aðferðir sem notaðar eru við gerð meðferðarskóa
- o geti búið til nokkrar mismunandi tegundir af meðferðarskóm sem gerðar eru ýmist beint á fót eða eftir gífsteypu.
- o geti metið gæði hlífðarlausna, bæði þeirra sem nemandi hefur sjálfur gert og þeirra sem fengin eru annars staðar
- o viti hvar og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um ný efni og aðferðir við stærri hlífðarmeðferðir
- o verði meðvitaður um öryggismál og vinnureglur og geti gengið um tæki og efni á verkstæði af öryggi
- o geti skráð sjúkraskýrslu/dagbók um stærri hlífðarmeðferðir, s.s. við sárum og áverkum

Efnisatriði

Álagspunktur, dreifing álags. Sólar fyrir sykursjúka og gigtveika. Flókin innlegg, s.s. hitamótuð innlegg, sólar með eða án göngumöguleika, einfaldar tegundir af sandölum, lokaðir skór úr plastazote, lokaðir skór úr leðri, meðferðarskór með lofttæmimótuðum botni, hælskór, upphitaðar hælskálar, innlegg með höggverjandi púðum og gervitær úr sílíkoni. Öryggismál og vinnureglur. Upplýsingaöflun, gæðamat og skýrslugerð.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Námsmat er bæði verklegt og bóklegt. Nemandi skili möppu með völdum tegundum af meðferðarskóm sem hann hefur gert, ýmist beint á fót eða eftir gífsafsteypu.

ÍHK102 Íslenska heilbrigðiskerfið

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið

Nemandi öðlist þekkingu á skipulagi íslenska heilbrigðiskerfisins og hlutverki helstu þjónustubátta þess og geti nýtt sér þá þekkingu í starfi.

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um skipulag heilbrigðisþjónustunnar. Gerð er grein fyrir yfirstjórn, skilgreindum þjónustubáttum og þjónustustigum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og mismunandi rekstrarformum. Gerð verður grein fyrir löggiltum heilbrigðisstéttum og hlutverki þeirra. Einnig verður gerð grein fyrir eftirliti með þjónustunni og á hvern hátt stefnumörkun er háttað.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- o geta gert grein fyrir skipulagi heilbrigðiskerfisins
- o kunna skil á helstu lögum og reglugerðum varðandi heilbrigðisþjónustuna
- o kunna skil á mismunandi stigum þjónustu í heilbrigðiskerfinu
- o kunna skil á löggiltum heilbrigðisstéttum og hlutverki þeirra
- o geta útskýrt mismunandi rekstrarform í heilbrigðiskerfinu
- o geta útskýrt ferli eftirlits Landlæknisembættisins með heilbrigðisþjónustunni
- o geta gert grein fyrir forgangsatriðum í stefnumörkun í heilbrigðisþjónustunni

Efnisatriði

Heilbrigðisþjónustan, lög og reglugerðir, yfirstjórn, tryggingakerfi, sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla, öldrunarþjónusta, einkastofur, þjónustustig, rekstrarform, heilbrigðisstéttir, eftirlit, gæði, forgangur, stefnumörkun.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni. Símat er mikilvægur þáttur námsmats en jafnframt skal stuðst við sjálfsmat nemenda.

LAF103 Lífaflsfræði

Undanfari: LOL213. Áfangann má líka taka samhliða.

Meginmarkmið

Nemandi skilji hvernig hreyfing og stöðugleiki fóta stjórnast af sambandi einstakra vöðva eða vöðvahópa og liðamóta. Nemandi kynnist viðeigandi aðferðum til að greina hreyfihindranir í fótum.

Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í helstu fræðiheiti sem tengjast lífaflsfræði, hreyfingu og göngu. Farið er yfir hreyfingafræði með áherslu á hreyfingu, hreyfigetu og stöðugleika liða og vöðva í fótum. Lögð áhersla á að nemendur skilji áhrif mismunandi álags á liði og vöðva fóta. Farið er yfir hlutverk vöðva og liða í fótum við gang. Einnig hlutverk annarra liðamóta líkamans við gang eins og hnjáliða, mjaðmaliða, hryggjar, handleggja og hálsliða.

Í áfanganum er farið yfir þreifingu (palpation) og vöðvapróf. Nemendur eru kynntar aðferðir við göngugreiningu og göngupróf. Enn fremur eru kynntar aðferðir sem notaðar eru til að greina hreyfiskerðingu við gang.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o geti notað helstu fræðiheiti sem varða líffærafræði, lífaflsfræði, hreyfingu fóta og göngu
- o þekki samband einstakra vöðva eða vöðvahópa á helstu liðamót í fótum
- o skilji áhrif álags á liði og vöðva í fótum við mismunandi líkamsstöðu og hreyfingu
- o þekki samspil milli einstakra liða líkamans við gang og fái þannig innsýn í þá þætti sem valdið geta hreyfiskerðingu við göngu
- o skilji göngumunstur líkamans með áherslu á fætur og neðri útlími
- o hafi kynnst mismunandi aðferðum við göngugreiningu
- o hafi kynnst mismunandi greiningaaðferðum sem notaðar eru til að greina hreyfiskerðingu í fótum

Efnisatriði

Álag á liði og vöðva. Álag á fætur við göngu. Hreyfingar í liðum fóta, hnjáliða, mjaðmarliða, hryggjar, handleggja og háls við gang. Aðferðir við þreifingu og vöðvapróf. Göngugreining, fræðiheiti (terminologi) og einföld göngupróf. Hreyfigreining og hreyfihindranir.

Námsmat

Námsmat skal byggjast á markmiðum áfangans og lokamarkmiðum fóttaðgerðafræðinnar. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni. Símat er mikilvægur þáttur námsmats en jafnframt skal stuðst við verklegt mat og sjálfsmat nemenda.

LÍB101 Líkamsbeiting og vinnutækni

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið

Að nemandi þekki hina ýmsu þætti í vinnuumhverfinu sem hafa áhrif á líkamlega og andlega líðan. Að nemandi þekki leiðir til að draga úr líkamlegu og andlegu álagi við vinnu. Að nemandi fái þjálfun í réttri líkamsbeitingu og vinnutækni við ólíkar aðstæður og mismunandi störf.

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um áhrif vinnuumhverfis á starfsmanninn, s.s. hvernig stærð og skipulag vinnurýmis, rúm, stólar, borð og hjálpartæki, hafa áhrif á vinnuaðstöðu og vinnuhreyfingar. Rætt er um grundvallaratriði góðrar vinnutækni sem gerir einstaklingnum kleift að átta sig á hvort vinnuaðferðir hans séu hættulegar með tilliti til álags á líkamann. Kynnt verða ýmis hjálpartæki sem geta dregið úr líkamlegu álagi við vinnu og hættu á álagsmeinum.

Í verklegum hluta eru ýmis hjálpartæki kynnt og áhersla lögð á rétta líkamsbeitingu og vinnutækni.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o þekki mikilvægi réttrar líkamsbeitingar
- o þekki afleiðingar rangrar líkamsbeitingar og vinnutækni
- o þekki einkenni of mikils líkamlegs og andlegs álags
- o geti hagnýtt sér aðferðir og leiðir í forvörnum
- o þekki þætti í vinnuumhverfinu sem hafa óæskileg áhrif á heilsu og líðan og leiðir til að verjast þeim
- o þekki leiðir til að efla heilsu og vellíðan
- o búi yfir færni í réttri líkamsbeitingu og vinnutækni

Námsmat

Lokapróf og/eða símat. Nemandi leysir ýmis verkefni með og án hjálpartækja.

LOL103 Líffæra- og lífeðlisfræði

Æskilegur undanfari: NÁT103

Meginmarkmið

Að nemandi hafi yfirlit yfir byggingu mannslíkamans og grundvallarskilning á starfsemi hans. Að nemandi þekki starfsemi frumna, vefjagerðir, helstu líffæri og líffærakerfi og geri sér grein fyrir samspili þeirra í viðhaldi á samvægi í líkamanum. Að nemendur hafi staðgóða þekkingu á byggingu og starfsemi þekjukerfis, beinakerfis, vöðvakerfis, taugakerfis og innkirtlakerfis.

Áfangalýsing

Farið er yfir skipulagsstig líkamans og öll líffæraakerfin kynnt. Hugtakið samvægi er útskýrt svo og starfsemi afturvirkra stjórnerfa. Farið er yfir grundvallarhugtök líffærafræðinnar. Latnesk heiti eru notuð í allri umfjöllun. Bygging og starfsemi frumna og frumuskiptinga er rífuð upp. Sérstök áhersla er lögð á lífeðlisfræði frumuhimnunnar. Stutt ágríp af vefjafræði. Fjallað er um helstu einkenni hvers vefjaflokks og skiptingu í undirflokka. Farið er í byggingu þekjakerfis og margþætt starfsemi húðar útskýrð. Fjallað er um bein og liði og hlutverk þeirra. Farið er í byggingu og starfsemi vöðvafrumna og starfsemi einstakra vöðva og vöðvahópa er skoðuð. Fjallað er um starfsemi taugakerfis og flokkun þess. Farið er í byggingu taugafrumna og starfsemi þeirra útskýrð. Umgerð og byggingu miðtaugakerfisins eru gerð skil. Farið í mænuviðbrögð, mænutaugar, taugaflækjur og byggingu og svæðaskiptingu heilans. Flokkun og starfsemi dulaugakerfisins er útskýrð. Lífeðlisfræði skynjunar er útskýrð og fjallað um byggingu og starfsemi allra skynfæranna. Farið er í almenna þætti er tengjast innkirtlakerfinu og síðan farið í byggingu og starfsemi allra innkirtla líkamans.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o geti gert grein fyrir mikilvægi samvægis í líkamanum og útskýrt hvernig því er stjórnað á afturvirkkan hátt
- o þekki latnesk heiti helstu líkamssvæða og skilji hvernig heitin eru notuð til að lýsa áttum í líkamanum
- o þekki byggingu og starfsemi frumna og samskipti þeirra við utanfrumuumhverfið
- o geti gert grein fyrir því hvernig starfsemi líkamans í heild endurspeglar starfsemi allra frumna hans
- o geti útskýrt hugtakið líkamsvefur, þekki fjóra meginvefjaflokka líkamans og helstu einkenni þeirra, skiptingu í undirflokka og geti útskýrt á hverju flokkunin byggist
- o geti gert grein fyrir byggingu og starfsemi húðar og húðlíffæra
- o þekki hlutverk beinakerfis í líkamanum og geti gert grein fyrir mikilvægi þess í viðhaldi á samvægi
- o kunni skil á byggingu beinagrindarinnar og svæðaskiptingu og þekki latnesk heiti einstakra beina og mikilvægustu beinhluta
- o þekki hugtakið „liður“ og geti gert grein fyrir helstu liðflokkum og útskýrt á hverju flokkunin byggist
- o þekki frumubyggingu beinagrindarvöðva og geti útskýrt samdráttarferilinn til hlítar
- o geti gert grein fyrir orkubúskap vöðva
- o þekki skiptingu vöðvakerfis í vöðvahópa, latnesk heiti helstu vöðva líkamans og geti gert grein fyrir hreyfingu þeirra
- o þekki flokkun taugakerfisins eftir byggingu og starfsemi
- o geti rakið feril boðspennu
- o þekki helstu taugaboðefni og hlutverk þeirra

- o geti útskýrt hvernig miðtaugakerfið er varið með beinum, himnum og vökva
- o þekki byggingu mænunnar og geti rakið einfalt mænuviðbragð
- o þekki byggingu og svæðaskiptingu heilans og þekki meginhlutverk hvers svæðis
- o geti gert grein fyrir mikilvægi dulaugakerfisins í samvægisstjórnun
- o geti útskýrt ferli skynjunar og geti gert grein fyrir byggingu og starfsemi skynfæra líkamans
- o geti útskýrt hvernig innkirtlakerfið vinnur og gert grein fyrir mikilvægi þess í samvægisstjórnun
- o þekki innkirtla líkamans og viti hvaða áhrif þeir hafa á líkamsstarfsemina

Efnisatriði

Líffærafræði, lífeðlisfræði, skipulagsstig, samvægi, afturvirk stjórnun, svæðaskipting, áttir, líkamshol, fruma, frumulíffæri, himnuspenna, flutningur yfir himnur, frumuskiptingar, vefur, vefjaflokkar, þekjakerfi, lagskipting húðar, líffæri húðar, beinakerfi, beinmyndun, flokkun beina, beinagrind, liðir, liðflokkar, flokkun taugakerfis, taugafruma, taugaboð, taugaboðefni, heilahimnur, heila- og mænuvökvi, mæna, mænutaugar, taugaflækjur, mænuviðbrögð, heili, svæðaskipting heila, heilataugar, sympatíska og parasympatíska taugakerfið, almenn og sérhæfð skynjun, sjón, heyrn, lyktarskyn, bragðskyn, jafnvægissskyn, skynjun húðar, hormón og eðli þeirra, innkirtlar líkamans.

Námsmat

Skriflegt lokapróf sem byggist á framangreindum markmiðum og símat á formi verkefnavinnu og smærri prófa.

LOL203 Líffæra- og lífeðlisfræði

Undanfari: LOL103

Meginmarkmið

Að nemandi dýpki skilning sinn á byggingu og starfsemi mannlíkamans og þjálfist í að nota hugtök líffærafræðinnar. Að nemandi hafi staðgóða þekkingu á byggingu og starfsemi hringrásarkerfis, vessakerfis, öndunarkerfis, meltingarkerfis, þvagkerfis og æxlunarkerfis og geri sér grein fyrir hlutdeild þeirra í samvægisstjórnun.

Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í latnesk heiti líffæra- og líkamshluta. Blóðinu eru gerð skil, farið í eðliseinkenni þess, efnasamsetningu og hlutverk, blóðfrumur og einkenni hvernar gerðar. Blóðflokkakerfið er útskýrt og farið í ferli blóðstorknunar. Farið er í byggingu hjartans og lífeðlisfræði hjartavöðvans. Farið er í byggingu og starfsemi blóðæða og hringrásir blóðs um líkamann. Blóðþrýstingur og blóðþrýstingsstjórnun er útskýrð. Farið er í byggingu og hlutverk vessakerfisins og gerð grein fyrir varnarkerfi líkamans. Byggingu og starfsemi öndunarkerfis eru gerð skil svo og stjórnun öndunar. Farið er í byggingu og starfsemi meltingarkerfisins. Starfsemi nýrna er útskýrð og

byggingu þvagkerfisins gerð skil. Farið er í vökvasaltvægi ásamt sýrubasastjórnun. Farið er í byggingu og starfsemi æxlunarkerfanna og hormónastjórnun æxlunar útskýrð. Fósturþroski er útskýrður svo og hormónastjórnun meðgöngu.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o þekki eðliseinkenni blóðs og hlutverk þess í líkamanum
- o þekki megingerðir blóðfrumna, einkenni þeirra og hlutverk og viti hvar þær myndast
- o geti útskýrt þau ferli sem hindra blóðtap úr líkamanum (haemostasis).
- o geti útskýrt á hverju ABO- og Rhesus-blóðflokkakerfin grundvallast.
- o þekki byggingu hjarta og geti rakið streymi blóðs um hjartað
- o þekki leiðslukerfi hjarta og geti útskýrt eðli hjartsláttar
- o geti útskýrt hvað EKG er og til hvers það er notað
- o þekki hlutverk kransæða og geri sér grein fyrir mikilvægi þeirra
- o geti lýst atburðum í einum hjartahring
- o geti borið saman byggingu og hlutverk mismunandi blóðæða
- o þekki leiðir blóðs um líkamann í meginhringrás, lungnahringrás og portæðakerfi lifrar
- o kunni skil á þeim þáttum sem ákvarða blóðþrýsting og viti hvernig þeim er stjórnað
- o þekki þríþætt hlutverk vessakerfisins, byggingu þess og starfsemi og geti fylgt eftir flæði vessa um kerfið
- o þekki helstu þætti almenna varnarkerfisins og geti útskýrt muninn á almennum og sértækum vörnum líkamans
- o geti útskýrt sambandið milli mótefnavaka og mótefnis
- o þekki B- og T-eitilfrumur og geti borið saman frumumiðlað ónæmi og mótefnamiðlað ónæmi
- o þekki mismunandi gerðir T-eitilfrumna og hlutverk þeirra
- o þekki byggingu og starfsemi öndunarkerfisins og þátttöku þess í samvægisstjórnun
- o þekki hugtök yfir rúmtak lungna og geti útskýrt ferli inn- og útöndunar
- o geti útskýrt hvernig súrefni og koltvíoxíð flyst með blóði
- o geti útskýrt stjórnun öndunar og rakið þætti sem hafa áhrif á hraða og dýpt öndunar
- o þekki hvað felst í hugtakinu melting og geti skilgreint muninn á mölun og efnameltingu
- o geti lýst lagskiptingu í vegg meltingarvegs
- o þekki byggingu og starfsemi bæði aðallíffæra og aukalíffæra meltingar
- o þekki helstu meltingarensímin og áhrif þeirra
- o geti gert grein fyrir stjórnun meltingar og hlutverki meltingarkerfis í samvægisstjórnun
- o geti lýst ytri og innri byggingu nýrna og útskýrt starfsemi þeirra

- o geti lýst byggingu nýrungs og tengt hana við þríþætt ferli þvagmyndunar
- o þekki hormónastjórnun þvagmyndunar og geti rakið þvaglosunarferlið
- o geti skilgreint mismunandi vökvahólf líkamans og leiðir til að viðhalda vatns- og saltvægi og sýrubasavægi
- o geti lýst byggingu og starfsemi líffæra í æxlunarkerfi karla og kvenna
- o þekki hlutverk kynhormóna karla og geti útskýrt myndun og þroskun sáðfrumna
- o geti gert grein fyrir hormónastjórnun í æxlunarkerfi kvenna, tíðahring og þroskun eggs
- o geti útskýrt frjóvgun og fyrstu daga fósturþroskans
- o geti útskýrt myndun fósturlaganna þriggja og viti hvaða líffærakerfi þroskast út frá þeim
- o þekki utanfósturhimnurnar og viti hvaða hlutverki þær gegna
- o geti útskýrt myndun, byggingu og hlutverk fylgju og naflastrengs
- o viti hvernig fósturhringrás breytist eftir fæðingu
- o þekki hormónastjórnun meðgöngu
- o þekki þrjú stig fæðingar

Efnisatriði

Heilblóð, blóðvökvi, blóðfrumur, blóðflokkar, haemostasis, blóðstorknun, gollurshús, hjarta, hjartalokur, gangráður, leiðslukerfi, EKG, kransæðar, hjartahringur, systola, diastola, útfall hjarta, blóðæðar, hringrás blóðs, blóðþrýstingur, vessi, vessaæðar, vessalíffæri, almennar varnir, sértækar varnir, T-frumur, B-frumur, frumumiðlað ónæmi, mótefnamiðlað ónæmi, mótefni, mótefnavaki, öndunarkerfi, öndunarvegur, lungnablöðrur, lungu, loftskipti, öndunarhreyfingar, flutningur lofttegunda með blóði, stjórnun öndunar, mölun, efnamelting, meltingarlíffæri, meltingarensím, stjórnun meltingar, þvagkerfi, nýru, nýrungur, þvagmyndun, þvagstillivaki, vökvahólf, vökvasaltvægi, sýrubasavægi, æxlunarkerfi, kynhormón, sáðfrumumyndun, eggmyndun, tíðahringur, frjóvgun, fósturvísir, utanfósturhimnur, fylgja, naflastrengur, meðganga, fæðing.

Námsmat

Skriflegt lokapróf sem byggist á framangreindum markmiðum og símat í formi verkefnavinnu og smærri prófa.

LOL213 Líffæra- og lífeðlisfræði fóta

Undanfari: LOL203. Áfangann LOL203 má líka taka samhliða.

Meginmarkmið

Markmið áfangans er að nemandi átti sig á uppbyggingu og einkennum fóta með tilliti til beinabyggingar, stoðkerfis, úttaugakerfis, blóðrásar, húðar og nagla.

Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í þróun og byggingu fóta frá fósttri til gamals aldurs. Farið er í beinabyggingu og greiningaraðferðir á fótum og ökkum. Úttaugakerfi fóta er skoðað og virkni þess. Enn fremur er farið í blóðrásarkerfið og kenndar aðferðir til að mæla blóðrás í fótum. Nemendur læra sérstaklega um húð og neglur og bakteríuflórana sem einkennir þessa líkamshluta.

Mikilvægt er að nemendur kynnist efninu á sem fjölbreytilegastan hátt, svo sem með notkun tölvumynda, líkana og í verklegum æfingum.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o kunni og skilji þróun fóta frá fósttri til gamals aldurs
- o kunni beinabyggingu og stoðkerfi fóta og þekki helstu greiningaaðferðir
- o kunni úttaugakerfi fóta, skilji hvernig það virkar og þekki helstu greiningaaðferðir
- o kunni blóðrásarkerfi fóta, starfsemi þess og þekki helstu greiningaaðferðir
- o kunni uppbyggingu og starfsemi húðar og nagla

Efnisatriði

Proskaferill fóta, beinabygging, úttaugakerfi, blóðrásarkerfi, húð, neglur

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum áfangans. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni. Stuðst við verklegt mat og sjálfsmat nemenda.

LYF133 Lyfjafræði fóttaðgerðafræðinga

Meginmarkmið

Nemandi þekki til helstu lyfja og áhrif þeirra á sjúkdóma og kunni að meðhöndla helstu lyfjaform og efni sem fóttaðgerðafræðingar nota.

Áfangalýsing

Fjallað verður almennt um lyf og þau hugtök sem notuð eru í lyfjafræði. Kennt verður um einstaka lyfjaklokku og lyf, áhrif lyfja á líkamann, frásog og aukaverkanir. Lögð verður áhersla á lyf sem notuð eru við meðhöndlun eða rekja má til fótameina eins og sýklalyf, sveppalyf, húðlyf, hjarta- og æðalyf og sykursýkislyf. Fjallað verður sérstaklega um meðhöndlun og geymslu lyfja, lyfjaforma og efna sem eru notuð í starfi fóttaðgerðafræðinga. Kennsla er í formi fyrirlestra og gerð verkefna, auk þess er sýnikennsla í gerð húðlyfjaforma.

Áfangamarkmið

Nemandi

- o þekki hugtök eins og lyf, lyfjaform, lyfjagjöf, frásog, dreifingu og útskilnað lyfja

- o þekki til algengustu lyfjaflokka eins og húðlyfja, hjartalyfja, verkjalyfja, staðdehyfilyfja, sýklalyfja, sveppalyfja, sykursýkilyfja, ofnæmislyfja og hormónalyfja og áhrif þeirra á sjúklinga
- o þekki til hvernig hin ýmsu lyf verka og hvaða áhrif þeim er ætlað að hafa
- o kunni að nýta sér upplýsingarit eins og sérlyfjaskrá
- o kunni að meðhöndla hin ýmsu lyfjaform og viti hvernig á að gefa þau og geyma
- o kunni á sótthreinsitæki og meðhöndlun sótthreinsiefna
- o geri sér grein fyrir notkunarfyrirmælum og gildi þeirra

Efnisatriði

Lyf, lyfjaform, tafla, stungulyf, húðlyf, endaþarmslyf, innrennslislyf, innhellislyf, innöndunarlyf, krem, smyrsl, pasta, hlaup, lausn, dreifa, duft, lyfjagjöf, lyfjameðferð, skammtastærð, læknisfræðilegur stuðull, meðferðarfylgni, ofskömmtn, frásog, dreifing, útskilnaður, niðurbrot, aukaverkun, milliverkun, viðtaki, efnaferli, dreifing, blokkari, ensím, blóðheilaþröskuldur, boð, boðefni, kælitækni, hægðalyf, magalyf, hjartalyf, verkjalyf, staðdehyfilyf, öndunarfæralyf, sýklalyf, sykursýkilyf, sveppalyf, húðlyf, svitameðferð, ofnæmislyf, tryggingastofnun, apótek, lyfjaverð, lyfseðill, niðurgreiðsla, lyfjaskírteini, lyfjaskrá, merking lyfja, notkunarfyrirmæli, öldrun, fyrning, geymsla, meðhöndlun.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum og verkefnum og prófum sem lögð eru fyrir nemandann.

MFÓ103 Meðferðafræði fóta

Undanfarar: HBF103, LÍB101, SKY101, LOL21, LYF133, SJÚ213. Áfangann LYF133 má taka samhliða.

Meginmarkmið

Nemandi læri grunnatriði í fótameðferð (skoðun, verkfæri og sótthreinsun).

Áfangalýsing

Áfanginn er verklegur. Farið er í vinnuvistfræði í starfsumhverfi fótaaðgerðafræðinga og mikilvægi réttrar líkamsbeitingar. Nemendur læra um meðferðarstól, fótabað, fótaskoðun, heilbrigða fætur/vandamálafætur og annað sem felur í sér að taka á móti skjólstæðingi. Þeir kynnast helstu verkfærum og tækjum sem notuð eru á húð og neglur. Nemendur læra að halda rétt á tækjum og beita þeim rétt. Þeir læra að klippa neglur rétt og að greina sundur sigg, líkþorn og vörtur. Þeir æfa notkun skurðaráhalda en ekki er gert ráð fyrir, á þessu stigi, að nemendur noti þau á húð.

Kennd er sótthreinsun og dauðhreinsun með vökvum, hita og gufu. Áhersla lögð á grundvallaratriði tengd hreinlæti á fótaaðgerðastofum og meðferð tækja. Smithætta útskýrð og hvernig best er að koma í veg fyrir smit.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o kunni að taka á móti skjólstæðingi
- o kunni að skoða húð og neglur á fótum
- o þekki helstu tæki sem notuð eru á húð og neglur
- o geti beitt rétt einföldum tækjum á húð og neglur
- o kunni að klippa neglur rétt
- o kunni að greina sundur sigg, líkþorn og vörtur
- o hafi tileinkað sér helstu smitvarnir og vinnubrögð við smitgát, s.s. handþvott og dauð- og sótthreinsun

Efnisatriði

Meðferðarstóll, fótabað, fótaskoðun, heilbrigðir fætur/vandamálafætur. Naglaklippur, þjöl, húðklippur, hnífur. Sigg, líkþorn, vörtur. Þvottur, sótthreinsun og dauðhreinsun áhalda.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni.

MFÓ203 Meðferðafræði fóta

Undanfari: MFÓ103

Meginmarkmið

Nemandi öðlist færni í að meðhöndla sigg, líkþorn og vörtur.

Áfangalýsing

Áfanginn er verklegur. Nemendur læra að beita mismunandi aðferðum við að meðhöndla og fjarlægja sigg, líkþorn og vörtur. Farið er í ráðgjöf og gerð grein fyrir mikilvægi forvarna.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o geti beitt rétt verkfærum, tækjum og efnum við meðhöndlun á siggi, líkþornum og vörtum
- o skilji og geti útskýrt mikilvægi forvarna

Efnisatriði

Naglaklippur, þjöl, húðklippur, hnifar. Sigg, mjúk líkþorn, blaut líkþorn, hörð líkþorn. Efni til að fjarlægja vörtur, frýsting varta.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni.

MFÓ303 Meðferðafræði fóta

Undanfarar: MFÓ 203, SPT101 Áfangann SPT101 er æskilegt að taka samhliða.

Meginmarkmið

Nemandi læri og fái þjálfun í að meðhöndla vandamál í nöglum.

Áfangalýsing

Áfanginn er verklegur. Nemendur læra mismunandi aðferðir við að meðhöndla vandamál í nöglum, s.s. niðurgrónar neglur, þykkar neglur, sveppaneglur, innrúllaðar neglur. Farið er í ráðgjöf og gerð grein fyrir mikilvægi forvarna.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o kunni að klippa niðurgrónar neglur rétt
- o kunni fóðrun naglafalsa
- o kunni að velja og setja spangir á neglur
- o kunni að meðhöndla líkþorn, sveppi o.fl. undir nöglum
- o kunni að slípa niður neglur
- o skilji og geti útskýrt mikilvægi forvarna

Efnisatriði

Slípivélar, mismunandi fræsarar, klippur og skæri, sköfur, hnífar. Niðurgrónar neglur, þykkar neglur, sveppa neglur, innrúllaðar neglur. Fóðrun naglafalsa. Spangarmeðferð. Slípimeðferð. Forvarnir.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni.

NÁT103 Líffræði

Áfangalýsing

Í þessum grunnáfangi fer fram kynning á séreinkennum líffræði sem vísindagreinar, tengslum við aðrar greinar, þróun og hlutverki líffræðirannsóknna með íslenskar aðstæður að leiðarljósi.

Í áfanganum eru teknir fyrir ýmsir grundvallarþættir lífandi náttúru, sameinkenni lífvera og ferli sem tengja lífverur hvers vistkerfis saman. Bygging frumunnar og starfsemi er tekin til umfjöllunar og efnisþættir hennar eru skoðaðir út frá gerð og hlutverki. Fjallað er um grundvallarþætti erfðafræði, um gerð og starfsemi vistkerfa með áherslu á efna- og orkuflutning, mikilvægi fjölbreytileikans innan þeirra og áhrif mannsins. Þá er gerð grein fyrir helstu flokkum lífvera með áherslu á örverur og hugmyndir um uppruna lífs á jörðu.

Lögð er áhersla á að í áfanganum velji nemendur sér nokkur sérhæfð en fjölbreytt verkefni sem krefjast upplýsingaöflunar, vettvangsathugana og

náttúruskoðunar, vinni þau og kynni á ýmsan hátt. Verkefnið skulu eiga það sameiginlegt að fjalla um samspil náttúru, tækni og samfélags; gagnvirk tengsl náttúru og menningar; og þá þætti eða öfl sem mestu ráða um umgengni okkar við náttúruna og auðlindir jarðar.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o geri sér grein fyrir eðli og hlutverki líffræðinnar sem vísindagrein en í því felst að
- o geta rökstutt viðhorf sín til líffræðilegra dægurmála
- o geta gert greinarmun á vísindum, hjávísindum og trú
- o geta nefnt dæmi um þróun líffræðilegra hugmynda frá fortíð til nútíðar
- o þekki vísindalega aðferð og þjálfist í að beita nokkrum rannsóknaraðferðum líffræðinnar en í því felst að
- o geta skilgreint líf og nefnt dæmi sem eru á mörkum lífandi og lífvana ástands
- o gera sér grein fyrir mikilvægi grunnrannsókna
- o geta notað greiningarlykla, smásjá og fleiri tæki við lausn líffræðilegra viðfangsefna
- o geta metið og túlkað niðurstöður rannsókna
- o þekki helstu efnaflokkana sem lífverur eru byggðar úr og hlutverk þeirra en í því felst að
- o geta gert greinarmun á byggingarefnum, orkugefandi efnum og stýriefnum í efnaskiptum
- o þekkja eðli og mikilvægi ensíma í lífsstarfseminni og helstu þætti sem hafa áhrif á starfsgetu þeirra
- o þekki gerð litninganna og hlutverk þeirra
- o þekki gerð og starfsemi frumna en í því felst að
- o geta útskýrt í máli og myndum gerð helstu frumulíffæra og starfsemi þeirra
- o geta útskýrt hvernig frumur taka inn og nýta sér næringarefni og losa úrgang
- o geta lýst hvernig frumur fjölga sér
- o þekkja mun á kjarnafrumum og dreifkjörnungum
- o geti lýst ólíkum frumgerðum og nefnt dæmi um sérhæfingu og verkaskiptingu frumna í fjölfruma lífverum
- o geti tengt sjúkdóma í lífverum við óeðlilega frumustarfsemi
- o skilji grunnhugmyndir í erfðatækni en í því felst að
- o þekkja í megindrættum gerð og verkun erfðaefnisins frá geni til myndunar prótíns
- o geta lýst einföldum erfðum og kynbundnum
- o þekki lífshætti og gerð veira, gerla (baktería), sveppa og sníkjudýra og geti í því sambandi
- o lýst samskiptum þeirra við aðrar lífverur til góðs og ills

- o þekki gerð og þróun íslenskra vistkerfa á landi, í vatni og á sjó en í því felst að
- o þekkja samskiptaform lífvera innan vistkerfa
- o geta útskýrt mikilvægi fjölbreytileika lífvera fyrir heilbrigði vistkerfa
- o geta lýst flutningi efna á milli lífvera og lofthjúps
- o skilja gildi ósonlagsins og koltvíoxíðs í andrúmslofti fyrir lífverur
- o geri sér grein fyrir hvernig vistkerfi eru nýtt í þágu manna og hver eru helstu vandamál þar að lútandi

Efnisatriði

Lifandi vera, lífríki, vísindaleg aðferð, helstu efnaflokkar lífvera, byggingarefni, orkugefandi efni, stýriefni efnaskipta, ensím, einfrumungur, fjölfrumungur, kjarnafruma, dreifkjörnungur, frumulíffærin og hlutverk þeirra, frumuát, velli, flæði, osmósa, ljóstíllíf, orkuvinnsla, myndun efna, ýmsar frumugerðir, frumuskipting, kyntengdar erfðir, kynfruma, okfruma, litningar, gen, DNA, RNA, prótín, prótínmyndun, mítósa, meiósa, einlitna, tvílitna, klónun, erfðabreyttar lífverur, genaferja, móðurfruma, dótturfruma, bygging og lífshættir veira, baktería (gerla) og sveppa, gerð vistkerfa á Íslandi á landi, í vötnum og í sjó og sérkenni þeirra, lífvist, líffélag, fæðukeðja, íslenskir dýrastofnar og nýting þeirra, breytingar á stofnstærð, framvinda vistkerfa, gildi ósonlags og koltvíoxíðs fyrir lífverur, sjálfbær nýting, samspil manna og náttúru.

NÁT123 Eðlis- og efnafræði

Áfangalýsing

Í áfanganum eru tekin fyrir viðfangsefni úr náttúru og nútímataekni þar sem tvinnast saman nokkur grundvallareðlis og efnafræðilögmál og kenningar. Orkulögmálið er þungamiðja áfangans og ýmsar myndir þess tengdar tækni með íslenskar aðstæður að leiðarljósi. Gert er ráð fyrir að farið verði í öll þau atriði sem útlistuð eru í áfangamarkmiðunum en útfærsla þeirra verði mismikil eftir áherslum skóla og áhugasviðum nemenda. Þannig geti nemandi dýpkað þekkingu sína nokkuð á völdum viðfangsefnum áfangans, samþætt verkefnið öðrum NÁT-áföngum og fleiri greinum og jafnvel átt í samstarfi við aðila utan skólakerfisins. Verkefnin skulu eiga það sameiginlegt að fjalla um samspil náttúru, tækni og samfélags, gagnvirk tengsl náttúru og menningar og þá þætti eða öfl sem mestu ráða um umgengni okkar við náttúruna og auðlindir jarðar.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o kunni skil á orku sem kemur við sögu við hringrás vatns í náttúrunni en í því felst að
- o skilja hvernig vatn hreinsast við uppgufun og mikilvægi hreins grunnvatns og þekkja dæmi um efnamengun sem getur spillt vatnsbólum
- o vinna þversnið af vatnsorkuvirkjun, geta útskýrt í grófum dráttum helstu þætti hennar og reiknað aflið sem vatnsfallið gefur

- o útskýra hvernig raforku er dreift til notenda
- o þekki til orkunotkunar á heimilum en í því felst að
- o geta lýst jarðvarmaveitu í grófum dráttum og reiknað varmaorkuna sem nýtt er úr hitaveituvatni þegar það rennur um hitunarkerfi húss
- o geta útskýrt hvernig örbylgjuofn starfar, mælt nýtni hans og borið hana saman við nýtni annarra ofna
- o þekki þróun atómkenningarinnar og gerð frumefna en í því felst að
- o geta rakið hvernig hugmyndir manna um atómið hafa þróast
- o geta útskýrt á hverju lotukerfið byggist
- o þekkja hvernig frumefnatáknin eru til komin og skilja formúlur efnasambanda
- o vita hvernig atóm mynda sameindir og hvernig jónir myndast
- o þekkja hugtökin efnahvarf og efnajafna og geta lesið úr og skrifað einfaldar efnajöfnur
- o kunni skil á eiginleikum og samsetningu andrúmsloftsins og mengun frá brennslu en í því felst að
- o þekkja helstu efni andrúmsloftsins, geta útskýrt loftþrýsting og nefnt breytingar sem efnamengun getur valdið á andrúmsloftinu
- o vita hvað gerist þegar kol, olía, alkóhól og vetni brennur, þekkja hlutverk einstakra efna í brunanum og skrifa efnajöfnur sem lýsa bruna þessara efna
- o þekkja helstu umhverfisáhrif brunans, geta borið saman ólík mengunaráhrif bruna kolefniseldsneytis og vetnis og þekkja mismunandi brennsluvarma efnanna og orkunýtingu við notkun þeirra
- o þekki til rafhlöðu en í því felst að
- o geta lýst uppbyggingu rafhlöðu, vita hvers vegna rafstraumur fer milli skauta hennar og geta ritað efnahvörf sem gerast í henni
- o þekkja hvar rafhlöður eru notaðar og þau vandamál sem fylgja notkun þeirra, t.d. sem orkugjafa fyrir bifreiðar í stað bensíns eða olíu ásamt því að þekkja til efnarafala
- o kunni skil á hreyfingu hluta eftir beinni línu en í því felst að
- o vita hvaða samband er á milli hreyfiorku bíls og hraða, hvernig hemlunarvegalengd er háð hraðanum og hvernig orkunotkun bíls eykst með vaxandi hraða
- o geta útskýrt, mælt og reiknað meðalhraða, stundarhraða og hröðun fyrir hluti sem hreyfast eftir beinni línu
- o geta gert gröf yfir færslu, hraða og hröðun sem fall af tíma og vita hvaða samband er á milli grafanna
- o geta leyst einföld dæmi um hreyfingu hlutar sem hreyfist með jafnri hröðun
- o þekki til kjarnorkuvinnslu en í því felst að
- o þekkja öreindir atómsins, tengsl þeirra við sætistölu og massatölu og vita einnig hvað samsæta er
- o lýsa kjarnaklofnun og kjarnasamruna
- o geta í grófum dráttum teiknað kjarnorkuver og lýst hvernig kjarnorku er umbreytt í raforku

- o nota jöfnu Einsteins um samband efnis og orku
- o geta borið mengun frá kjarnorkuverum saman við mengun frá orkuverum sem brenna jarðeldsneyti
- o kunni skil á rafsegulbylgjum og samskiptum með þeim en í því felst að
- o geta lýst rófi rafsegulbylgna, hvernig þær myndast í tvíþólloftneti og hvernig móttakari er stilltur
- o vita hvernig ljósleiðari er notaður til að senda boð milli staða
- o þekkja hvernig hugmyndir manna um eðli ljóss hafa þróast í tímans rás
- o þekkja tengsl orku ljóseinda við tíðni rafsegulbylgna
- o lýsa litrófi sólar og hvernig sólarljósið breytist á leið sinni frá sólu til yfirborðs jarðar
- o útskýra í grófum dráttum hvernig sólarrafhlaða umbreytir ljósorku í raforku

Efnisatriði

Vatn, gufunarvarmi, hringrás vatnsins, vatnsorka, raforka, rennsli, fallhæð, orkunotkun, stöðuorka, hreyfiorka, raforka, jarðvarmi, örbylgjuofn. Atómkenningin, frumefni, efnasambönd, efnablöndur, atóm, sameindir, jónir, efnahvörf, efnajöfnur. Andrúmsloftið, loftþrýstingur, bruni eldsneytis, loftmengun, efnaorka, brennsluvarmi. Rafhlöður, efnarafall, rafstraumur. Hreyfing, hraði, hröðun, hemlunarvegalegd. Kjarnorka, kjarnasamruni, kjarnaklofnun, efni og orka, kjarnorkuver, atóm, öreindir, samsætur. Rafsegulbylgjur, samskiptatækni, rafsegulróf, ljóseindir, sólarorka, litróf, sólarrafhlöður.

NÆR103 Næringarfræði

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið

Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi næringar fyrir heilsu og vellíðan ólíkra hópa fólks.

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um íslensku manneldismarkmiðin og hvernig hægt er að haga mataræði í samræmi við þau. Fjallað er um orkuefnin, steinefni, snefilefni, vítamín og virk plöntuefni. Farið er yfir alla matvælaflokkana með tilliti til næringargildis og uppbyggingar hollra máltíða. Nemendur reikna út næringargildi eigin mataræðis, æfa sig í að byggja upp hollar máltíðir og reikna út næringargildi þeirra. Næringarforrit eru notuð til útreikninga. Kynnt eru lög og reglugerðir um aukefni og vörumerkingar matvæla og nemendur þjálfaðir í að lesa innihaldslýsingar þeirra.

Fjallað er um næringarþarfir fólks á ýmsum aldurs skeiðum. Mataræði sjúklinga á sjúkrahúsum, öldrunarheimilum og í heimahúsum er tekið fyrir. Fjallað er um allar helstu gerðir af sérþæði og forsendur fyrir því.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o þekki helstu næringarefni og viti í hvaða fæðutegundum þau er að finna
- o þekki manneldismarkmið fyrir Íslendinga
- o geti valið fæðu í samræmi við manneldismarkmið
- o geti reiknað út næringargildi máltíða og dagsfæðis
- o þekki lög og reglugerðir um aukefni og vörumerkingar matvæla og geti lesið innihaldslýsingar þeirra
- o þekki næringarþarfir sérstakra hópa, s.s. ungbarna, barnshafandi og mjólkandi kvenna, aldraðra og sjúkra
- o geti samið dagsmatseðil og reiknað næringargildi hans með hjálp næringarforrits eða næringarefnatöflu
- o þekki líffæra- og lífeðlisfræðilegar forsendur fyrir algengasta sérfæði
- o geti sett saman sérfæði sem er næringarfræðilega fullnægjandi en jafnframt bragðgott og lystaukandi
- o geti samið dagsmatseðla fyrir sjúklinga sem þurfa á sérfæði að halda og þekki helstu gerðir sérfæðis

Efnisatriði

Manneldismarkmið, aukefni, næringarefnatöflur, prótín, fita, kolvetni, orka, vítamín, a-vítamín, b-vítamín, c-vítamín, d-vítamín e-vítamín k-vítamín, steinefni, kalk, fosfór, lög, reglugerðir, vörumerkingar, járn, snefilsteinefni, maukfæði, fljótandi fæði, fitusnautt fæði, sykurskert fæði, megrunarfæði, kólesteróllækkandi fæði, saltskert fæði, þúrinsnautt fæði, prótínskert og prótínríkt fæði, grænmetisfæði, laktósnautt fæði og ýmsar gerðir af ofnæmis- og óþolsfæði.

Námsmat

Verkefni, hlutapróf og lokapróf.

SAM103 Samskipti

Undanfari: SÁL123

Meginmarkmið

Að nemandi geri sér grein fyrir gildi skilvirkra samskipta í starfi og öðlist öryggi og trú á eigin getu í tjáskiptum. Að nemandi geri sér grein fyrir áhrifum eigin tilfinninga og fordóma á tjáskipti.

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um gildi virðingar og fordómaleysis í samskiptum. Viðbrögð fólks við kvíða- og streituvaldandi aðstæðum rifjuð upp. Lögð er áhersla á sjálfstyrkingu nemenda og farið í þá þætti sem styrkja sjálfstraust og ákveðni í samskiptum. Skoðað er hvernig líkamstjáning getur mótað gæði samskipta. Tjáskiptareglur ólíkra menningarsvæða eru kynntar. Nemandi metur hvernig tjáskipti án orða hefur áhrif á samskipti daglegs lífs. Athugað er hvernig virk hlustun eykur gæði samskipta. Í lok áfangans er skoðað hvað viðtalstækni felur í sér og hvað vert er að hafa í huga í samræðum um viðkvæm málefni. Viðtalstækni og samræður æfðar í kennslustund.

Áfangamarkmið:

Nemandi

- o geti gert grein fyrir áhrifum eigin fordóma og tilfinninga á tjáskipti
- o geti gert grein fyrir menningarlegum áhrifum á samskiptahætti og tjáskiptareglur ólíkra samfélaga
- o sýni framkomu sem einkennist af virðingu og fordómaleysi
- o búi að styrkri sjálfsmynd og trú á eigin getu í samskiptum
- o geti fjallað um eigin styrkleika og veikleika í samskiptum
- o þekkja þá þætti sem hafa áhrif á samskiptahæfni einstaklings í kvíða- og streituvaldandi aðstæðum
- o geti gert grein fyrir áhrifum líkamstjáningar á gæði samskipta
- o þekki áhrifamátt orðavals í samskiptum
- o geti sýnt fram á færni í samskiptatækni og málamiðlun
- o geti útskýrt mikilvægi virkrar hlustunar í samskiptum
- o geti útskýrt hvað lokar fyrir og hvað eykur flæði tjáskipta
- o þekki þau atriði sem hafa ber í huga í samræðum um viðkvæm málefni
- o búi að grundvallarfærni í samskipta- og viðtalstækni

Efnisatriði

Virðing, fordómar, menning, sjálfstyrking, sjálfstraust, ákveðni, kvíði, streita, augnsamband, snerting, bros, tjáning, tjáskipti með og án orða, samskipti, tilfinningar, vilji, túlkun, virk hlustun, ég-boð, lausn vandamála í samskiptum, samræður, viðtalstækni.

Námsmat

Verkefni, æfingar, hlutapróf, lokapróf.

SÁL123 Sálfræði

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið:

Að nemandi þekki eðlilegan þroskaferil einstaklingsins allt æviskeiðið og sé fær um að mæta honum þar sem hann er staddur í sínum þroskaferli.

Áfangalýsing

Kynning á þroskasálfræði, hugtökum hennar og helstu álitamálum, t.d. hlut erfða og umhverfis í mannlegum eiginleikum. Helstu þroskakennningar kynntar. Fjallað um alhliða þroskaferil frá vöggu til kynþroska, einkum líkams- og hreyfiþroska, vitsmunþroska, persónuleika- og málþroska. Einkum er fjallað um eðlilegan þroska en einnig lítillega um frávík og orsakir þeirra. Stiklað er á stóru varðandi þroskaferil frá og með kynþroska. Verkefnavinna taki mið af viðfangsefnum sem nemandi mun sinna í starfi sínu.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o þekki helstu hugtök þroskasálarfræði
- o þekki helstu kenningar um þroska einstaklingsins
- o öðlist þekkingu á ólíkum þroskastigum manneskjunnar
- o þekki alhliða þroskaferil barna, svo sem vitsmunabroska, líkamsþroska, málþroska, persónuleikabroska og siðferðisþroska
- o þekki helstu áfanga á þroskaferli fólks
- o fáí skilning á fjölbreytileika mannlegrar hegðunar og tilfinninga og auki þar með umburðarlyndi sitt og víðsýni
- o átti sig á samhengi þroska og hegðunar einstaklingsins
- o átti sig á mikilvægi bæði líkamlegrar og andlegrar umönnunar og örvunar fyrir þroska einstaklingsins
- o geti stutt barnið í þroskaferli sínum og örvað það til frekari þroska
- o geti mætt einstaklingnum þar sem hann er staddur á þroskaferli sínum
- o búi yfir færni til að ræða um almennan þroskaferil mannsins

Efnisatriði

Þroskaferill, þroskasálfræði, erfðir og umhverfi, kenningar, líkamsþroski, vitsmunabroski, hreyfiþroski, persónuleikabroski, málþroski, athyglisbrestur og örvun.

Námsmat

Hægt er að byggja hluta af matinu á hefðbundnum prófum. Námsmat skal að öðru leyti byggjast á frammistöðu nemandans sem einstaklings eða þátttakanda í hóp við ýmiss konar verkefni, viðfangsefni og í vettvangsheimsóknunum.

SIÐ102 Siðfræði

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið

Að nemandi verði meðvitaður um eigið gildismat og siðdóma. Að nemandi þjálfist í gagnrýninni hugsun og greiningu siðferðisvanda.

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um tilgang siðfræðilegrar umræðu og nemandi þjálfður í að greina siðferðisvanda og komast að niðurstöðu. Helstu kenningar, hugtök, markmið og aðferðir siðfræðinnar eru kynntar. Fjallað er um siðareglur og siðferðisvanda heilbrigðisstétta. Fjallað er um siðferðileg álitamál sem efst eru á baugi hverju sinni.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- þekki helstu hugtök, markmið og aðferðir siðfræðinnar
- þekki helstu siðfræðikenningar, rökstuðning og gagnrýni á þær
- verði fær um að beita gagnrýninni hugsun í siðferðisvanda

þekki siðareglur nokkurra starfsstétta og geti gagnrýnt þær
verði fær um að rökstyðja skoðanir sínar í álitamálum
verði fær um að taka þátt í rökræðum í hópi og komast sameiginlega að
niðurstöðum í siðferðilegum álitamálum

Efnisatriði

Siðadómar, siðareglur, gildisdómar, fordómar, forræðishyggja, siðferðileg
verðmæti, siðferðisvandi, þagnarskyldan, faglegt forræði, sjálfsákvörðunar-
réttur, dyggðakenning, skyldukenning, nytjastefna, siðfræðileg álitamál,
gagnrýnin hugsun, samræður, rökræður.

Námsmat

Verkefni, hlutapróf, símat, lokapróf.

SJÚ103 Sjúkdómafræði

Æskilegir undanfarar: LOL103, HBF103

Meginmarkmið

Að nemandi geri sér grein fyrir tengslum sjúkdóma og röskun á samvægi í
líkamanum. Að nemandi geri sér grein fyrir þeim umhverfis- og
erfðapáttum sem valdið geta sjúkdómum.

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um heilbrigði mannlíkamans. Áhersla er lögð á
réttan skilning á hugtökum sem tengjast umræðu um sjúklegt ástand eins og
meingerð, einkenni, orsök, greiningu, rannsóknaraðferð, viðmiðunar-
mörkum, einstaklingsbreytileika, aðlögun, styrkleika, meðferðarmöguleika,
bata, dánartíðni og horfum. Farið er í þætti sem valda frumulöskun og sjúk-
dómum í mönnum, svo sem umhverfisáhrif, efnaáverka, sýkingar og
næringarskort. Fjallað er um innrænar orsakir frumulöskunar og viðbrögð
vefja við álagi. Farið er í húðsjúkdóma, sjúkdóma í stoð-, hreyfi- og tauga-
kerfi, orsakir, einkenni og helstu meðferðarúrræði.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o geti gert grein fyrir mikilvægi samvægis fyrir heilbrigðan líkama
- o geti notað algeng hugtök, sem tengjast umræðu um sjúklegt ástand, rétt
- o geti útskýrt samhengi frumulöskunar og sjúkdóma
- o geti lýst viðbrögðum frumna við álagi og viðgerðarferli vefja
- o geti rakið bólguferlið
- o geti gert grein fyrir áhrifum umhverfis á sjúkdómsþróun
- o geti lýst algengum erfðagöllum
- o þekki flokkun, hegðun og orsakir æxlisvaxtar
- o geti gert grein fyrir algengum húðsjúkdómum
- o þekki tengsl ónæmiskerfis og sjálfsónæmissjúkdóma
- o þekki algenga sjúkdóma í beinum, liðum og vöðvum

- o þekki algenga sjúkdóma í taugakerfi
- o geti lýst einkennum algengra áverka á taugakerfi
- o þekki algeng latnesk sjúkdómaheiti og tengsl þeirra við líffæra- og lífeðlisfræði

Efnisatriði

Bygging mannslíkamans, frumulöskun, drep, græðing, viðgerðarferli, bólguviðbrögð, umhverfisáhrif, erfðir, gen, litningar, ónæmisviðbrögð, sjálfsonæmi, meingerð, einkenni, greining, viðmiðunarmörk, meðferð, einstaklingsbreytileiki, húðsjúkdómar, stoðkerfissjúkdómar, taugasjúkdómar.

Námsmat

Hlutapróf, verkefni og lokapróf.

SJÚ203 Sjúkdómafræði

Undanfari: SJÚ103

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á algengum líkamlegum sjúkdómum, geðrænum röskunum og áhrifum þeirra.

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um líkamlegt og sálrænt sjúkdómsástand. Farið er í sjúkdóma í innkirtlakerfi, hjarta- og æðakerfi, öndunarfarum, meltingarfarum, þvag- og æxlunarkerfi. Algengum geðsjúkdómum og geðröskunum er gerð skil. Fjallað er um samspil líkamlegrar og andlegrar líðanar. Leitast er við að skýra einkenni sjúkdóma út frá lífeðlisfræðilegum breytingum sem verða við röskun á líkamsstarfsemi. Latnesk sjúkdómaheiti eru útskýrð með tilvísun í líffæra- og lífeðlisfræði. Meingerð, einkenni, orsakir og meðferðarmöguleikar hinna ýmsu sjúkdóma skoðaðir. Fjallað er um afleiðingar sjúkdóma á virkni einstaklingsins og félagslega stöðu. Rætt er um tengsl lífshátta og þróun sjúkdóma.

Áfangamarkmið

Nemandi

- o þekki meingerð, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleika algengra sjúkdóma í innkirtlum, hjarta- og æðakerfi, öndunarfarum, meltingarfarum, þvag- og æxlunarkerfi
- o þekki einkenni, orsakir og meðferðarmöguleika algengra geðrænna sjúkdóma og geðraskana
- o geti útskýrt ákveðin sjúkdómseinkenni út frá lífeðlisfræðilegum breytingum sem verða í líkamanum við samvægistruflanir og sjúklegt ástand
- o geti lýst hvernig hægt er að draga úr einkennum eða fyrirbyggja samvægistruflanir og sjúklegt ástand með breytingum á lífsvenjum
- o þekki algeng latnesk sjúkdómaheiti og tengsl þeirra við líffæra- og lífeðlisfræði

Efnisatriði

Meingerð, einkenni, greining, viðmiðunarmörk, meðferð, einstaklingsbreytileiki, sykursýki, skjaldkirtilssjúkdómar, æðakölkun, hjarta- og heilaáföll, hjartabilun, háþrýstingur, æðahnútar, berkjubólga, lungnabólga, astmi, lungnaþemba, berklar, lungnakrabbamein, þindarslit, magasár, magabólgur, magakrabbamein, ristilkrabbamein, brisbólga, lifrabólgur, gallblöðrubólga, gallsteinar, sýkingar í þvaggfærum, nýrnabilun, nýrna- og blöðrusteinar, krabbamein í þvaggfærum, blöðruhálskirtilsbólga, blöðruhálskirtilskrabbamein, leghálskrabbamein, eggjastokkakrabbamein, brjóstakrabbamein, geðhvarfasýki, geðdehyð, geðklofi, kvíðaraskanir, persónuleikatrúflanir.

Námsmat

Lokapróf, hlutapróf og verkefni. Vel fer á því að hagnýta upplýsingatæknina við verkefnavinnu þar sem hægt er að finna á vefnum mikinn fjölda upplýsinga um hina ýmsu sjúkdóma.

SJÚ213 Sjúkdómafræði fóta

Undanfari: SJÚ203

Meginmarkmið

Nemandi öðlist þekkingu á algengum sjúkdómum sem leggjast á fætur og áhrifum þeirra.

Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í helstu sjúkdóma sem leggjast á fætur, greiningaraðferðir og meðferðarúræði. Nemendur tileinki sér helstu latnesku sjúkdómaheitin. Farið er í þróun sjúkdómanna, eðli þeirra, einkenni og sjúkdómsgreiningaraðferðir. Fjallað er um afleiðingar sjúkdóma á virkni einstaklingsins og félagslega stöðu. Rætt er um tengsl lífshátta og þróun sjúkdóma. Farið er í greiningu og einkenni sjúkdóma sem varða:

- o frávik á þroska fóta
- o byggingu fóta frá fósturstigi til elliára
- o beinabyggingu
- o taugakerfi fóta
- o blóðrás og blóðrásartruflanir fóta
- o húð og neglur

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o þekki meingerð, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleika sjúkdóma sem varða bein og taugakerfi fóta
- o geti útskýrt ákveðin sjúkdómseinkenni út frá lífeðlisfræðilegum breytingum sem verða í líkamanum við samvægistrúflanir og sjúklegt ástand
- o geti lýst hvernig hægt er að draga úr einkennum eða fyrirbyggja samvægistrúflanir og sjúklegt ástand með breytingum á lífsvenjum

- o þekki algeng latnesk sjúkdómaheiti og tengsl þeirra við líffæra- og lífeðlisfræði

Efnisatriði

Frumbreytingar, sýkingar, ígerð, ónæmisvörn, ofnæmi, krabbamein, húðbreytingar, blóðrás, húð og neglur, taugakerfi.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum áfangans. Stuðst skal við verkefnavinnu og próf.

SKY101 Skyndihjálp

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að geta hjálpað slösuðum og/eða bráðveikum einstaklingum þar til hjálp fagfólks tekur við.

Áfangalýsing

Fjallað er um aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat. Endurlífgun, bóklegr og verkleg. Farið er í helstu blæðingar, lost og viðbrögð við lostástandi. Teknar eru fyrir helstu tegundir sára, umbúðir og sárabindi. Farið er í helstu orsakir bruna, flokkun brunasára og skyndihjálp við bruna. Helstu höfuð-, háls- og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst-, kvið- og mjaðmaáverkum. Einnig er farið í beina liðamóta- og vöðvaáverka.

Kennt er að spelka útlími með áverka. Farið er í bráða sjúkdóma, eitranir, bit og stungur. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu og háska af völdum hita. Farið er í björgun og flutning einstaklinga af slysstað.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o þekki þá hugmyndafræði sem skyndihjálp byggist á
- o þekki og geti framkvæmt mat og skoðun á slösuðum einstaklingum
- o kunni að bregðast við yfirvofandi lostástandi
- o geti brugðist rétt við dauðadái
- o þekki og geta beitt hjartahnoði þegar það á við
- o þekki og geta beitt blástursmeðferð þegar hún á við
- o þekki og geta metið helstu tegundir sára
- o þekki aðferðir til að meta brunasár og kunni að bregðast við bruna
- o þekki helstu höfuð-, háls- og hryggáverka og geti veitt skyndihjálp við slíkum áverkum
- o þekki helstu brjóst-, kvið- og mjaðmaáverka og geti brugðist við þeim
- o þekki helstu beina-, liðamóta- og vöðvaáverka og geti veitt skyndihjálp við slíkum áverkum
- o kunni að spelka brot og tognanir
- o geti veitt skyndihjálp við bráðum sjúkdómum

- o þekki helstu forvarnir við kali, ofkælingu og ofhitnun og geti veitt viðeigandi skyndihjálp við slíkum áverkum

Efnisatriði

Aðskotahlutur, áfengiseitrun, bakáverkar, blástursmeðferð, blóðnasir, brunasár, beinbrot, eftirlit, endurlífgun, eitrarir, flogaveiki, hálsáverkar, heilablæðing, hitakrampi, heilahristingur, hjartahnoð, hjartakveisa, kal, kransæðastífla, læst hliðarlega, meðvitundarleysi, ofhitnun, ofkæling, sár, slag, snjóblinda, stuðningsumbúðir, sykursýki, tilkynning, umbúðir, örmögnun, öryggi á slyssstað.

Námsmat.

Bóklegt og verklegt lokapróf.

SPT101 Spangartækni

Undanfarar: FÓT103, LOL213, SJÚ213. Æskilegt að taka MFÓ303 samhliða.

Meginmarkmið

Nemendur læra að búa til fjölbreyttar gerðir spanga á neglur.

Áfangalýsing

Nemendur læra um eiginleika fjaðurstáls og að móta spöng fyrir einstaka nögl. Þeir læra að ákvarða rétta spennu á hverja spöng eftir því hvaða vandamál er verið að meðhöndla og hverjar afleiðingarnar verða við of lítilli eða mikilli spennu. Fleiri tegundir spanga eru kynntar.

Áfanginn er bóklegur og verklegur og er miðað við að nemendur búi sjálfir til 25 mismunandi gerðir spanga.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o skilji virkni spanga við réttingu nagla
- o kunni að gera fjaðurstálsspangir og hafa gert a.m.k. 25 fullnægjandi stykki
- o hafi kynnst mismunandi spangargerð

Efnisatriði

Eiginleikar fjaðrastáls, mótun naglaspanga, spenna, tegundir spanga.

Námsmat

Námsmat skal byggjast á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni. Nemandi skilar möppu með völdum spöngum sem hann hefur gert.

SÝK103 Sýklafræði

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið

Nemandi öðlist þekkingu og skilning á sýklum, umhverfi þeirra og vörnum gegn þeim.

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um mismunandi tegundir og eiginleika sýkla. Fjallað er um smitleiðir og helstu flokka smitsjúkdóma. Farið er í grundvallaratriði í vörnum líkamans gegn sýklum og fjallað um áhrif ónæmisbælingar. Fjallað er um smitgát og smitvarnir. Sýnikennsla er á helstu aðferðum við ræktun sýkla og farið í mikilvægi handþvottar.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o geti gert grein fyrir helstu þáttum í sögu og þróun sýklafræðinnar
- o þekki mismunandi tegundir sýkla og eiginleika þeirra
- o þekki mismunandi aðferðir við ræktun sýkla
- o þekki helstu smitleiðir og skilji eðli þeirra
- o þekki helstu flokka smitsjúkdóma
- o þekki grundvallaratriði í ónæmiskerfi mannlíkamans
- o geti greint frá helstu áhrifum ónæmisbælingar
- o þekki mismunandi tegundir bóluefna og verkun þeirra
- o geti útskýrt mikilvægi handþvottar og framkvæmt hann á réttan hátt
- o þekki aðferðir dauð- og sótthreinsunar
- o þekki almennar reglur og vinnubrögð um smitgát
- o geti greint frá helstu flokkum sýklalyfja og verkun þeirra

Efnisatriði

Saga sýklafræðinnar, bakteríur, veirur, sveppir, aðlögunarhæfni, smithæfni, þol, ræktunaraðferðir, Gram-litun, smitleiðir, sýkingar, ónæmiskerfi, ónæmi, ónæmisbæling, bóluefni, bólusetning, smitgát, sótthreinsun, dauðhreinsun, sýklalyf.

Námsmat

Skriflegt próf.

UFH102 Upplýsingaleit og fagmál heilbrigðisstétta

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið

Nemandi geti aflað fræðilegra upplýsinga sem varða hans svið eftir fjölbreyttum leiðum og búi yfir nægilegri þekkingu til að meta

upplýsingagildi og áreiðanleika þeirra. Nemandi þekki fagmál heilbrigðisstétta.

Áfangalýsing

Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur. Nemendur kynnast fjölbreyttum möguleikum til upplýsingaöflunar, s.s. gagnasöfnum sem helst þjóna heilbrigðisstéttum, rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á heilbrigðissviði. Áhersla er lögð á að nemandi kynnist fagmáli þeirrar heilbrigðisstéttar sem hann tilheyrir. Ekki er lögð áhersla á málfræðikennslu heldur á fagmálsorðaförða og mikilvægi þess að auka við hann. Nemendur vinna margs konar verkefni sem tengjast upplýsingaleit. Námsgögn verða á rafrænu formi á vefnum.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- o kynnast fjölbreyttum möguleikum til upplýsingaöflunar á heilbrigðissviði í gegnum vefinn
- o kynnast upplýsingakerfum og vefsíðum bókasafna og stofnana á heilbrigðissviði
- o þekkja landsaðgang Íslands að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum
- o kunna skil á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á heilbrigðissviði
- o þekkja höfundarétt
- o kunna fjölbreyttar aðferðir við að leita sér fræðilegra upplýsinga sem varða hans sérsvið
- o þekkja algengustu fagorð sem notuð eru á hans sérsviði
- o kunna að leita að helstu fagorðum á hans sérsviði
- o kunna að leggja mat á gæði upplýsinga á vefnum

Efnisatriði

Íslensk bókasöfn, gegnir.is, leitarvélín Google, vefur bókasafns Landspítala, samstarf bókasafna – millisafnalán, landsaðgangur Íslands að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, hvar.is. Gagnasöfn, rafræn tímarit og rafbækur. Orðabækur og alfræði á vefnum. Efni á vefnum fyrir sjúklinga, vefir annarra íslenskra heilbrigðisstofnana. Höfundaréttur. RSS (fréttabjónusta) og Podcasts (hlaðvarp). Fagorð einstakra heilbrigðisstétta.

Námsmat

Námsmat skal byggjast á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans skilnings og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni. Símat er mikilvægur þáttur námsmats en jafnframt skal stuðst við verklegt mat og sjálfsmat nemenda.

UTN103 Notkun upplýsinga og tölva í námi

Áfangalýsing

Markmið áfangans er að tryggja að nemandinn geti notað fjölbreyttan hugbúnað og upplýsingar á margvíslegu formi við lausn og framsetningu viðfangsefna í námi sínu. Áfanginn er fyrir nemendur á fyrstu önn í

framhaldsskóla. Í áfanganum verður farið yfir tölvubúnað og hvernig best má hagnýta hann í námi við skólann. Farið verður yfir hvernig nemandinn getur sett fram eigið efni á neti skólans og kynntar leiðir til að hagnýta upplýsingatækni í almennu námi. Fjallað verður um almenn atriði upplýsingalæsis, m.a. verður farið yfir gögn um upplýsingaöflun, útgáfuform upplýsinga, bókasöfn, handbækur, tölvusamskipti, mat á gæðum og áreiðanleika upplýsinga o.s.frv. Áfanginn getur verið samstarfsverkefni tölvukennara og bókasafns- og upplýsingafræðings.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

Tölvunotkun

- o þekkja staðarnet skólans og þann hugbúnað sem nemendum stendur til boða
- o geta beitt þeim hugbúnaði, sem til er í skólanum, í réttu samhengi við annað nám
- o geta sjálfur aflað sér þekkingar um hvernig hagnýta má upplýsingatækni í tengslum við nám sitt
- o geta sett fram þá þekkingu, sem hann aflar sér í námi sínu, á tölvutækan hátt, s.s. í gagnasafni, með myndrænni framsetningu tölfraðilegra gagna, á margmiðlunarformi með tónlist, myndum, kvikmyndum og stiklutexta
- o geta rætt um verkfæri og viðfangsefni upplýsingatækninnar á rétttri íslensku
- o sýna ábyrgð og siðvit í vinnu sinni á staðarneti skólans sem og Interneti

Upplýsingalæsi

- o þekkja helstu atriði í sögulegri þróun upplýsingamála
- o geta gert grein fyrir tilurð, eðli og hagnýtingu upplýsinga
- o þekkja helstu aðferðir við skráningu og miðlun upplýsinga, hvort heldur er á stafrænu formi eða ekki
- o þekkja helstu tegundir upplýsingasafna
- o geta aflað sér upplýsinga um fjölbreytt efni eftir margvíslegum leiðum
- o sýna færni í að meta gæði, áreiðanleika, uppruna og gildi upplýsinga
- o þekkja helstu lagaleg, siðferðisleg og félagsleg atriði er varða söfnun, geymslu og miðlun upplýsinga

Námsmat

Námsmat getur byggst á verkefnavinnu, t.d. vefsíðu á margmiðlunarformi, um námsefni áfangans eða annars áfanga sem nemandinn er í samhliða námi í UTN 103. Hægt er að meta verkefnið með tilliti til útlits, framsetningar og yfirgríps; hversu læsilegt efnið er og hversu vel það er tengt með stiklutexta á skipulegan hátt; hvernig nemandinn beitir margmiðlun við framsetningu efnisins og hversu vel hann tjáir sig um tölvunet; hvernig innihald efnisins er sett fram, hvort það sýnir skilning á viðfangsefninu, hvort viðbótarþekking er sett fram, hvort sýnt er fram á ný tengsl þekkingar; frumkvæðis nemandans, upplýsingagildis og vals á áreiðanlegum og traustum heimildum o.fl.

ÖLD103 Öldrunarferli

Undanfari: Enginn

Meginmarkmið

Nemandi þekki öldrunarferli og geti lýst þeim meginbreytingum sem því fylgja.

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er öldrun skilgreind sem og fræðigreinin öldrunarfræði. Farið er yfir öldrunarferlið og helstu líkamlegar, sálrænar og félagslegar breytingar sem fylgja því að eldast. Farið er yfir líkamlegar breytingar út frá líffærakerfum. Fjallað verður um hinar ýmsu félagslegu sem og sálrænu breytingar sem oft fylgja öldrun, starfslokum og breytingum á fjölskylduformi. Skoðuð verður staða aldraðra í nútímasamfélagi.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o geti skilgreint hugtakið öldrun
- o geti gert grein fyrir eðlilegu öldrunarferli
- o þekki helstu líkamlegar breytingar sem fylgja öldrun
- o þekki andlegar breytingar sem oft fylgja öldrun
- o þekki áhrif félagslegra þátta eins og missis, einmanaleika, starfsloka, breytinga á fjárhag og breytinga varðandi húsnæðismál sem oft fylgja öldrun
- o þekki til hlutverkamissis við það að eldast
- o þekki frávik frá eðlilegu öldrunarferli
- o kynnist helstu réttindamálum aldraðra

Efnisatriði

Öldrunarfræði, öldrunarferli, blóðrás, öndun, melting, skynfæri, ónæmiskerfi, kynfæri, þvagfæri, stoðkerfi, skert minni, hægari hugsun, svefntruflanir, missir, einmanaleiki.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni. Símat er mikilvægur þáttur námsmats en jafnframt skal stuðst við verkefnavinnu og sjálfsmat nemenda.

FF9103 Vinnustaðanám – grunnþjálfun

Undanfarar: FOF103, FÓT203, HMF203, LAF103, LYF133, MFÓ203, SJÚ 213, SPT101. Áfangann FOF103 má taka samhliða.

Meginmarkmið

Nemandi öðlist grunnfærni í störfum fótaaðgerðafræðinga og þroski með sér ábyrgðartilfinningu og virði siðareglur.

Áfangalýsing

Í áfanganum er leitast við að búa til umhverfi sem líkist fóttaðgerðastofu í rekstri þar sem skjólstæðingur getur pantað sér þjónustu að vild. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist verklega færni og sýni sjálfstæð vinnubrögð við meðhöndlun og ráðleggingar til skjólstæðings.

Nemendur læra undir leiðsögn kennara að vinna markvisst að verkþáttum námsins þannig að fram komi verkskipulagning, tækni og leikni í vinnubrögðum. Þeir fá þjálfun í greiningu fótameina, vali og framkvæmd meðferðarúrræðis, að færa sjúkraskýrslu/dagbók eftir því sem við á og að gæðameta vinnuferlið.

Áfangamarkmið

Nemandi

- o verði virkur í greiningu fótameina
- o geti ákveðið og veitt fullnægjandi meðferðarúrræði fótameina, undir leiðsögn kennara
- o fái æfingu í að tengja bóklegt og verklegt nám í starfi
- o verði meðvitaður um öryggi á vinnustað, mikilvægi hreinlætis og smitvarnir
- o fái æfingu í að skipuleggja, framkvæma og meta eigin vinnu í samræmi við viðurkennda gæðastaðla
- o hafi fengið æfingu í að vinna sjálfstætt og geti brugðist á réttan hátt við aðstæðum sem skapast geta á vinnustað hverju sinni
- o hafi fengið æfingu í umgengni við skjólstæðinga sína og aðstandendur þeirra
- o hafi fengið æfingu í að gefa fræðslu og faglega ráðgjöf
- o geti gert grein fyrir mikilvægi trúnaðar og þagnarskyldu við skjólstæðing

Efnisatriði

Vinnuumhverfi, hreinlæti, fótaskoðun, greining á fótameini, meðferðarúrræði, meðferð, vandamál við meðferð, skýrslugerð, samskipti, fræðsla, fagleg ráðgjöf, trúnaður.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans skilnings og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni. Dæmi um matsaðferðir eru dagbók/ferilbók, verkefni sem tengjast starfi nemenda, símat kennara á störfum nemenda, sjálfsmat nemenda á eigin störfum.

FF9203 Vinnustaðanám – framhaldspjálfun

Undanfarar: FF9103, MFÓ303

Meginmarkmið

Nemandi öðlist færni í störfum fóttaðgerðafræðinga og þroski með sér ábyrgðartilfinningu og virði siðareglur.

Áfangalýsing

Í áfanganum er leitast við að búa til umhverfi sem líkist fóttaðgerðastofu í rekstri þar sem viðskiptavinur getur pantað sér þjónustu að vild. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist verklega færni og sýni sjálfstæð vinnubrögð við meðhöndlun og ráðleggingar til skjólstæðings.

Nemendur læra undir leiðsögn kennara að vinna markvisst að verkþáttum námsins þannig að fram komi verkskipulagning, tækni, hraði og leikni í vinnubrögðum. Áhersla er lögð á aukið sjálfstæði nemenda í greiningu fótameina, vali og framkvæmd meðferðarúrræðis, færslu sjúkraskýrslna/dagbókar eftir því sem við á og gæðamati vinnuferlis.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o geti greint helstu fótamein
- o geti ákveðið og veitt fullnægjandi meðferðarúrræði við helstu gerðum fótameina
- o geti tengt bóklegt og verklegt nám í starfi
- o kunni að skipuleggja, framkvæma og meta eigin vinnu í samræmi við viðurkennda gæðastaðla
- o verði fær um að vinna sjálfstætt og geti brugðist á réttan hátt við aðstæðum sem skapast geta á vinnustað hverju sinni
- o sýni þroska og varfærni í umgengni við skjólstæðinga sína og aðstandendur þeirra
- o sýni hæfni í samskiptum við skjólstæðinga og samstarfsfólk
- o búi yfir færni til að veita fræðslu og faglega ráðgjöf
- o hafi þroskað með sér ábyrgðartilfinningu þannig að hann geti unnið í samræmi við siðareglur fóttaðgerðafræðinga

Efnisatriði

Vinnuumhverfi, hreinlæti, fótaskoðun, greining á fótameini, meðferðarúrræði, meðferð, vandamál við meðferð, skýrslugerð, samskipti, fræðsla, fagleg ráðgjöf, trúnaður.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni. Dæmi um matsaðferðir eru dagbók/ferilbók, verkefni sem tengjast starfi nemenda, símat kennara á störfum nemenda, sjálfsmat nemenda á eigin störfum.

FF9213 Vinnustaðanám – vettvangsnám

Undanfarar: FÓT303, HMF303. Þessa áfanga má taka samhliða.

Meginmarkmið

Nemandi öðlist innsýn í mismunandi tegundir fótameina og kynnist þeim störfum sem falla undir störf fóttaðgerðafræðinga.

Áfangalýsing

Áfanginn er tvískiptur þar sem vettvangsnám á deildum spítala samsvarar tveim einingum en kynning á störfum fótaaðgerðafræðinga samsvarar einni einingu.

Nemendur fara í vettvangsheimsóknir á ýmsar sjúkrahúsdeildir, s.s. bæklunardeild, deild sykursjúkra, húð- og kynsjúkdómadeild og öldrunardeild. Heimsóknirnar eru skipulagðar af skólanum í samráði við sjúkrastofnun. Áhersla er lögð á að nemendur sjái margvíslegar tegundir fótameina, fái innsýn í viðeigandi meðferðarúrræði og forvarnir. Miðað er við að nemandinn vinni verkefni og skili skýrslum um heimsóknirnar.

Enn fremur fylgjast nemendur með fótaaðgerðafræðingum í starfi og eru þessar heimsóknir skipulagðar af skólanum og á ábyrgð hans. Miðað er við að nemandinn vinni verkefni og skili skýrslu um kynninguna.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o hafi öðlast innsýn inn í fjölbreytileika fótameina
- o hafi öðlast innsýn inn í fjölbreytileg og misflókin meðferðarúrræði
- o búi yfir færni til að gefa fræðslu og faglega ráðgjöf
- o hafi öðlast innsýn inn í starf fótaaðgerðafræðings
- o sýni hæfni í samskiptum við skjólstæðinga og samstarfsfólk
- o geti gert grein fyrir mikilvægi trúnaðar og þagnarskyldu við skjólstæðing

Efnisatriði

Fótamein á bækludum, sykursjúkum, öldrudum, á húðdeildum. Greining á fótameini, meðferðarúrræði, vandamál við meðferð, forvarnir, skýrslugerð, samskipti, fræðsla, fagleg ráðgjöf, trúnaður.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni. Dæmi um matsaðferðir eru dagbók/ferilbók, verkefni sem tengjast heimsóknum nemenda, kynningar nemenda á heimsóknum, fótameinum, meðferðarúrræðum og forvörnum.

FF9223 Vinnustaðanám – lokaverkefni/sérhæfing

Undanfarar: FÓT303, HMF303. Þessa áfanga má taka samhliða.

Meginmarkmið

Nemandi öðlist heildstæða yfirsýn um greiningu, meðferðarúrræði, eftirfylgni og fræðslu á fótameini að eigin vali.

Áfangalýsing

Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur. Nemendur geta valið að sérhæfa sig á ákveðnu sviði, s.s. í fótum sykursjúkra, gigtveikra, barna, íþróttamanna, slasaðra. Unnið er heildstætt verkefni þar sem nemandi gerir greiningu á viðkomandi fótameini, meðferðaráætlun, smíðar sjálfur þau

hjálpartæki sem þörf er á, útbýr fræðsluefni fyrir sjúkling og metur þörfina á eftirfylgni. Nemandinn þarf að meta hvað getur farið úrskeiðis og hvað er til ráða. Enn fremur heldur hann dagbók/skýrslu í samræmi við fyrirmæli landlæknis. Áfangann má skipuleggja í samvinnu við heilbrigðisstofnanir..

Áfangamarkmið

Nemandi:

- o hafi fengið heildstæða yfirsýn yfir fótamein að eigin vali.
- o geti gert greiningu viðkomandi tegund fótameins
- o geti valið meðferðarúrræði fyrir viðkomandi tegund fótameins
- o geti útbúið tilheyrandi hjálpartæki fyrir viðkomandi tegund fótameins
- o geti ákveðið viðeigandi eftirfylgni fyrir viðkomandi tegund fótameins
- o geti ákvarðað helstu vandamál sem upp geta komið við viðkomandi meðferð, hvers ber að gæta og hvað sé til ráða
- o geti haldið dagbók og skýrslu í samræmi við fyrirmæli landlæknis og lagaumhverfi heilbrigðisstétta
- o geti skilgreint viðfangsefni, skipulagt vinnuferli, aflað og unnið úr upplýsingum, tengt saman bóklegt og verklegt nám og komið frá sér niðurstöðum á vandaðan hátt
- o geti útbúið fræðslu- og kynningarefni fyrir sjúkling sem hefur tiltekna tegund fótamein

Efnisatriði

Fræðileg upplýsingaöflun, greining á fótameini, meðferðarúrræði, gerð innleggja, sóla, og/eða hlífða, vandamál við meðferð, skýrslugerð, gæðamat, forvarnir, samantekt niðurstaða, kynning.

Námsmat

Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, skilning og færni auk framfara, vinnulags og hugkvæmni. Gert er ráð fyrir að nemandi skili niðurstöðum sínum á heildstæðu formi, s.s. sem samantekt, fræðsluvef eða ritgerð. Enn fremur er gert ráð fyrir að nemendur kynni afrakstur verkefnisins fyrir samnemendum í málstofu.